

1. Þingsetning

Formaður HSÍ, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, setti 50. ársþing HSÍ. Hann bauð alla velkomna og sagði þingið sett. Að svo búnu var gengið til dagskrár.

2. Kosning Kjörbréfanefndar

Í **Kjörbréfanefnd** voru eftirtalin tilnefnd:

- **Erla Gísladóttir**
- **Guðmundur Erlendsson**
- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**

Tillaga hreyfði engum mótbárum við. Guðmundur lýsti því nefndina réttkjörna og bað nefndarmenn um að hefja þegar störf.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaðurinn tilnefndi **Gunnar Gunnarsson** þingforseta. Engar aðrar tilnefningar né athugasemdir bárust, svo Gunnar telst því réttkjörinn. Þá tilnefndi Guðmundur varaþingforseta þá **Örn Magnússon** og **Sigurjón Pétursson**. Engar athugasemdir voru gerðar, svo teljast þeir réttkjörnir. Þá bað formaðurinn settan þingforseta um að taka við.

Þingforseti ávarpaði meðlimi þingsins og stjórn sambandsins og þakkaði það traust sem honum hefði hér verið sýnt. Auðmjúkur lofaði hann fulltrúum að hann skyldi gera sitt besta við að hafa stjórn á umræðum og þingi.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lagði fram tillögu um **Katrínu Mixa** sem þingritara og **Þorbjörgu Gunnarsdóttur** sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust né mótmæli, svo þær töldust réttkjörnar og voru beðnar um að taka þegar til starfa.

5. Þinggerð síðasta ársþings lögð fram

Þingforseti gerði ljóst að þinggerðin hafði verið á netinu síðastliðna 11 mánuði og nú verið lögð fram með tilheyrandi gögnum. Þá væri þingforseti búinn að ganga úr skugga

um að til þessa þings hafi verið löglega boðað. Til þingsins var boðað 4. febrúar sl., sem er vel innan þeirra marka sem þarf til að þingið gæti talist löglegt.

6. Kosning þingnefnda

6.1. Í Fjárhagsnefnd voru kjörin:

- **Ásgerður Halldórsdóttir**
- **Árni Þór Árnason**
- **Sigurjón Pétursson**

6.2. Í Laga- og reglanefnd voru kjörin:

- **Helga Magnúsdóttir**
- **Vala Valtýsdóttir**
- **Andrés Gunnlaugsson**

6.3. Í Allsherjarnefnd voru kjörin:

- **Þórbergur Aðalsteinsson**
- **Kristinn Guðmundsson**
- **Pétur Vilberg Guðnason**

Öll teljast þau réttkjörin þar eð engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust. Þeir sem fyrst voru lesnir upp í hverja nefnd stýra nefndarumræðum, en fundir eru opnir öllum þingmeðlimum.

7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur Ingvarsson formaður tók aftur við. Hann fylgdi skýrslu stjórnar úr hlaði með nokkrum orðum.

Hann talaði lítillega um aðdraganda þessa þings; formannafund, sem haldinn var m.a. í þeim tilgangi að undiðbúa þingið, þar sem markaðsmál voru hve efst á baugi, og rekstrarfund sem haldinn var í fyrsta skiptið. Það er augljóst að sambandið þarf að fá meiri peninga inn, fjölga áhorfendum og efla markaðsmálin, því þótt reksturinn hafi verið í mjög góðum höndum er ströggil að halda honum uppi. Þá sé þarft að fá aukið framlag úr ríkissjóði. Þar hefur raunar unnist viss áfangasigur því gert var samkomulag við ráðherra um ferðajöfnunarsjóð, í fyrsta skiptið hafa og verið veittir sérsamningar til sérsambanda og rekstrarstyrkur fer hækkandi ár frá ári. Þetta er allt þakkarvert og mikilvægt þótt gera megi ennþá betur.

Stuðningsmannasamtökin Í blíðu og stríðu, þar sem 10.000 manns skráðu sig í samtökin, er frábær hugmynd sem vert sé að taka lengra. Með þeim er komið skýrt dæmi um hvað hægt sé að gera með öflugum og áhugasömum samstarfsaðilum. Fundir við borgarstjóra

hafa einnig vonandi skilað árangri í bættum aðbúnaði innanhússhandboltavallanna, í stað þeirra kassa sem byggðir hafi verið og eru engan veginn boðlegir til landsleikja. Að auki ímpraði Guðmundur á Íþróttakademíunni sem stofnsetja á í Kópavogi, þar sem handbolti mun vera ein af þeim greinum sem æfðar vera og kenndar samhliða almennu bóknámi til stúdentsprófs.

Einnig minntist Guðmundur á mannabreytingar í þjálfaramálum, þakkaði þeim fráfarandi góð störf og óskaði hinum nýju velfarnaðar.

Formaðurinn lauk máli sínu með því að þakka þeim sem koma að daglegum rekstri sambandsins fyrir þeirra góðu störf. Einnig eru stjórnarmenn og nefndarmenn sem beri að þakka sömuleiðis. Að lokum þakkaði Guðmundur öllum öðrum sem unnið hafa fyrir sambandið með einum og öðrum hætti fyrir þeirra vinnuframlag.

Þingforseti tók þá aftur til máls. Reikningar skulu fyrst lagðir fram og umræður um reikinga og fjárhagsáætlun saman. Enginn hreyfði mótmælum við því. Þá bauð hann formann fjárhagsnefndar, Ásgerði Halldórsdóttur, til pontu.

8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Ásgerður Halldórsdóttir tók þá til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni og gjaldkera og yfirförnum af ráðnum skoðunarmönnum.

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREI KINGAR. Sjá meðfylgjandi skjal.

Þingforseti þakkaði Ásgerði fyrir útskýringarnar á ársreikningum. Orðið var gefið laust um rekstrar- og efnahagsreikinga.

Sigfús Karlsson frá KA kvað sér hljóðs. Hann kom með fyrirspurn til gjaldkera varðandi niðurfærslu viðskiptakrafna. Hann vildi vita hvort um væri að ræða endanlega afskrift. Þá bað hann einnig um að gjaldkeri læsi upp sundurliðun á viðskiptakröfum félaganna, hversu mikið hvert félag skuldar, svo unnt sé að bregðast við skuldunum.

Ásgerður gjaldkeri svaraði. Afskriftir eru endanlegar. Stærstur hluti þeirra kom frá samtals 13 útibúum Remax fasteignaþjónustu, tæpar 2 milljónir alls, eftir samstarf í Remax deildinni. Það gekk verulega illa að innheimta kröfurnar, gjaldþrot hafði verið gert hjá Remax og kennitöluskipti tvist og bast. Upphaflega var þetta tekið fram sem varúðarafskrift en hefur núna verið endanlega afskrifað vegna gjaldþrota.

Skuldir félaganna nema alls kringum 16,8. milljónir. Ásgerður bað framkvæmdastjóra sambandsins um að gera betur grein fyrir stöðu félaganna og ferli (eftir að búið væri að taka mið af verðlaunafé). Sama innheimtuferli er ár eftir ár en erfiðlega hefur gengið að fá kröfurnar greiddar, sem sé bagalegt vegna yfirdráttarskulda.

Þingforseti þakkaði Ásgerði greinargerðina og bauð orðið laust aftur. Enginn kvað sér hljóðs.

Fulltrúi Kjörbréfanefndar, Erla Gísladóttir, las upp fulltrúa og mætingu til nefndarálita. Kjörbréfin voru borin upp til samþykktar. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

Ársreikningar bornir upp til samþykktar.

Ársreikningar fyrir árið 2006 voru samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Ásgerður fylgdi fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár úr hlaði. Fjárhagsáætlun fer yfir 100 milljónir og það er ástæða til að vera stoltur af svo viðamikilli áætlun. Er þetta í fyrsta skiptið sem svo verður.

FJÁRHAGSÁÆTLUN. Sjá meðfylgjandi skjal.

Orðið laust um fjárhagsáætlun áður en greitt yrði atkvæði um að vísa henni til Fjárhagsnefndar. Enginn kvað sér hljóðs.

Samþykkt var samhljóða að vísa áætlun til Fjárhagsnefndar.

Ólafur Rafnsson forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hafði beðið um orðið og fékk. Þar sem hann kemur núna frá ranni körfuboltans hrósaði hann happi yfir því hversu gott samstarf sé milli körfuboltans og handboltans. Það sé gríðarlega mikilvægt að samböndin vinna saman með þessum hætti. Þá hrósaði hann rekstrinum sem væri mjög glæsilegur og sagði það afrek að láta áætlun standast í ljósi þess hversu viðamikill hún væri og margir óvissuþættir. 100 milljón króna múrinn brýtur ísinn, hefur gríðarlegt gildi, sem getur gefið ný tækifæri til nýrra sigra og framfara á sviði þróunarmála.

80-90% áhorf á íþróttaleik á landsvísu! Það er staðreynd að hafi unnist hér og hlýtur að vera gríðarlega einstakt á gjörvallri jarðkringlu!

Áður en Ólafur kvaddi hvatti hann þingheim til að vera virka þátttakendur á þinginu, gæta þess að hafa skoðanir og hvetja til umræðna, en áminnti þingheim samt um að gæta hófs, gæta þess að ana ekki fram við að hafa skoðanir í blindni og að illa ígrunduðu máli!

Steig þá **Júlíus Hafstein** fyrrverandi formaður HSÍ og fyrrverandi formaður Ólympíunefndar í pontu. Saga Handknattleikssambandsins mun koma út í október á 50. afmælisári sambandsins og ósennilegt er að kostnaður lendi á starfsemi hreyfingarinnar.

Hann sá ástæður til að óska stjórn HSÍ til hamingju með reksturinn og með að handknattleikurinn standi fremst allra íslenskra íþróttagreina á alþjóðavettvangi. Það sé

mikils virði og þrekvirki er að halda svo stóru félagi í plús. Einlæg skoðun Júlíusar er að sambandið sé í mjög góðum höndum og muni án efa halda áfram að blómstra og dafna.

Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ. Eins og forverar þakkar hann frábær störf á liðnu ári og óskar forystusveitinni til hamingju með frábæra reikninga. Guðmundur og félagar hafa unnið þrekvirki, frá því hann tók við sambandinu með 100 milljón króna skuld á bakinu. Með stjórn, starfsfólki og þingfulltrúum er mikill mannauður á ferð.

Vatnaskil urðu núna á vormánuðum þegar ríkisstjórnin ákvað að veita 180 milljón króna framlag á þrem árum við ferðakostnað liðanna. Þetta kemur sér í lagi fólki héðan af landsbyggðinni til mikils góðs. Þó vantar enn að ganga frá reglugerð ferðajöfnunarsjóðsins og vert verður að hafa landsbyggðina sérstaklega í huga í þessu samhengi. Með því að nota framlagið vel er unnt að sýna fram á að við þurfum meiri pening og hærri framlög. Takmarkið er 100-150 milljónir, sem verður reynt að afla öðruvísi en gegnum fjölmiðla.

Þá þakkaði Stefán fyrir sig og óskaði þingheimi góðs gengis á þinginu.

10. Lagðar fram tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Þingforseti minnti á að skjölum yrði vísað til nefnda. Þá ítrekaði hann að ef einhver hefði hug á að ræða tillögur eða fylgja úr hlaði áður en þeim yrði vísað til nefndar væri það að sjálfsögðu leyfilegt, en menn voru þó beðnir um að vera stuttorðir.

11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri kynnti **Hall Halldórsson** formann Handknattleiksdeildar Selfoss. Einar kynnti stuttlega starf hans við uppbyggingu Íþróttakademíu á Selfossi.

Þá tók Hallur sjálfur við. Hann gerði grein fyrir hugmyndafræðinni bak við Íþróttakademíuna, sem hófst sem 10 ára plan í kjölfar þess að handboltinn var að lognast út af á Selfossi. Byrjað var á karlahandbolta, með stefnu um að stofna kvannahandbolta síðar, og er vinnan í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands, sem veitir einingar fyrir. Núna kemur sveitarfélagið einnig að kostnaði, sem og nokkur fyrirtæki.

Hallur gerði nánar grein fyrir markmiðslýsingu, stefnu og starfsemi. Þá miðlaði hann skemmtilegri reynslu sinni af því að vinna með þessum strákum í akademíunni, auk augljósra jákvæðra áhrifa sem þessi starfsemi hefur haft á strákana. Núna blómstrar íþróttin á Selfossi, ólíkt því sem áður var. Einungis vantar um 3-4 stelpur til að halda uppi akademíu fyrir þær. Draumur um að stofna fyrir þær á næsta ári og Hallur telur að það verði auðvelt að fjármagna.

Spurning úr sal: Hvað hljómaði fjárhagsáætlunin upp á?

Svar Halls: Um 5 milljónir. Kostnaður þátttakenda nemur 9900 krónum á mánuði. Trúlega er áætlunin þó aðeins of lág þótt komið sé út í hagnaði sem stendur.

Spurning úr sal: Hver eru samskiptin við skólann?

Svar Halls: Körfuboltinn hafði rutt veginn svo skólinn vissi vel að þetta var gerlegt. Skólayfirvöld voru því mjög jákvæð gagnvart þessu og samskiptin hafa gengið vel.

Spurning úr sal: Eru einingarnar sem skólinn veitir viðbótareiningar eða falla þær inn í námið?

Svar Halls: Einingarnar falla alveg inn í námið.

Þingforseti sá sérstaka ástæðu til að óska Halli til hamingju með vel unnin störf og augljósan frábæran árangur. Þá óskaði hann Halli og akademíunni áframhaldandi velgengni.

12. Nefndarálit og atkvæðagreiðslur

Fulltrúi Kjörbréfanefndar, Erla Gísladóttir, las þá upp fulltrúa og mætingu til nefndarálita.

Hófust svo umræður og atkvæðagreiðslur um þingskjölin. Helga Magnúsdóttir talaði fyrir hönd Laga- og reglanefndar og Pétur Vilberg var fulltrúi Allsherjarnefndar í pontu.



50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 18. apríl 2007 Þingskjal nr: 04-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar og FH

Var

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 14 lið eða fleiri, tvær deildir, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu vera í efri deild.

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

2 lið falla á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 2 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli

getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 2 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Verður

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) **13 lið** eða færri, ein deild, **2 umferðir**. Ef 10 lið eða færri þá skal leikin þreföld umferð. Mótanefnd raðar í 1.umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3.umferð.
- b) **14 - 19 lið**, **tvær deildir**, 3 umferðir.
- c) **20 - 26 lið**, **tvær deildir**, 2 umferðir. 12 lið skulu vera í Úrvalsdeild og leikin skal tvöföld umferð.
- d) **27 lið eða fleiri**, **þrjár deildir**.

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

2 lið falla á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.3. Sigurvegari í þessari keppni öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF keppni) en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða og öðlast það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.4. Úrslitakeppni

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil í Úrvalsdeildum karla og kvenna og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6.

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.9. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í **úrslitakeppninni** skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

4.2.1.10.

Greinargerð:

Flutningsaðilar munu gera grein fyrir tillögunni á ársþinginu.

Samþykkt var að vísa þingskjali 4 til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði fram þónokkuð margar tillögur að betrubótum.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 04-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar og FH

Var

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 14 lið eða fleiri, tvær deildir, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu vera í efri deild.

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

2 lið falla á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 2 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 2 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Verður

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) **14-20 lið, tvær deildir. Ef 8 lið eða færri eru í deild þá skulu leiknar 4 umferðir, annars 3 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð. 8 lið skulu vera í efri deild.**
- d) **21 lið eða fleiri, 3 deildir, 4 umferðir. 8 lið skulu vera í efstu deild og 1.deild.**

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur **efstu** deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

2 lið falla á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og skal hún leikin milli jóla og nýárs. Skal hún leikin þannig að liðið sem er í 1.sæti leikur gegn því liði sem er í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Skal miða við stöðu liðanna eftir síðustu umferð fyrir jól og að liðin hafi leikið jafn marga leiki. Leikið skal á sama stað. Sigurvegarar úr þessum leikjum skulu leika til úrslita og skulu úrslitaleikir karla og kvenna fara fram sama dag. Sigurvegari keppinnar er Deildarbikarmeistari.

4.2.1.6. HSÍ sér um umgjörð leikjanna og ber allan kostnað og fær allar tekjur af leikjunum.

4.2.1.7. Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Þingskjal 5 er tekið samhliða þessu þingskjali.

Byrjað var að ræða þingskjal 5.

Hólmgeir sagði að sér fyndist 25% fall (2 lið af 8) vera allt of mikið. Hann vildi sjá neðsta lið falla beint og að lið nr. 7 spilaði umspil við lið nr. 2 í fyrstu deild.

Fram reyndi að draga tillögu sína, þingskjal 5, til baka. Þeir höfðu þó ekki rétt á því, eftir að búið er að leggja tillögu fram er hún “eign” þingsins.

Fyrst skyldi greiða atkvæði um breytingartillögu Fram, um að aðeins eitt lið falli um deild og spilað verði um annað fall.

Gauti Gróttu.

Það þarf stöðuga endurnýjun, ekki er hægt að efri deildir séu stöðugt þar. Þau geta frekar keypt leikmenn, t.d. Því verði að hafa tvö fallandi lið.

Hallur Selfossi.

Það er svo miklu meira spennandi að spila þegar tvö lið falla! Neðri lið varla ekki séns á að komast upp með umspili við efri deild. Því verður þetta að vera svona.

Hólmgeir.

Ekki sammála. Efri lið kosta mjög litlu til í dag og það er alls ekkert gefið að efri lið vinni þau neðri. Því lagði hann eindregið til samþykkt tillögu Fram.

BYRJAD Á AÐ GREIÐA ATKVÆÐI UM ÞINGSKJAL 5

Þingskjal 5 var fellt með 26 atkvæðum gegn 24.

Þá er það þingskjal 4.1.

Einföld breytingatillaga barst úr sal. Fella ætti “og kvenna” úr reglugerð 4.2. og vísa því til stjórnar HSÍ að ræða skipulagið á kvennamótum, því þau eru allt annar handleggur.

Þingforseti neitaði að taka tillöguna fyrir að svo komnu máli því ekki lá fyrir skrifleg tillaga og ekki sé stætt á að vinna svona lagað á hundavaði.

Tillaga úr sal:

Búa til frávísunartillögu um allt skjalið og vísa til stjórnar, búin verði til nefnd sem fer yfir málin og setur fram skilmerkilega.

Þingforseti:

Ekki hægt að breyta þessu nema á þingi því hér er um reglugerð Íslandsmóta að ræða, ekki sé að sjá að unnt verði að veita stjórn þessa heimild.

Andsvar:

Stjórn býr til reglugerðir, ekki lög.

Svar þingforseta:

Ekki skv. lögum HSÍ, jafnvel þótt óskandi væri!

Þá var loks greitt atkvæði um tillögu Allsherjarnefndar, skjal eins og leggur sig.

Þingskjal 4.1 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 05-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Fram

Var

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra

leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

2 lið falla á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

Verður

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.12. og 2.2.16. d. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

1 lið fellur beint á milli deilda þar sem deildir eru fleiri en ein. Næst neðsta liðið í Úrvalsdeild leikur síðan 2 úrslitaleiki við lið nr. 2 úr 1.deild um hvort lið fær sæti í Úrvalsdeild að ári. Skulu samanlögð úrslit gilda samanber reglugerð EHF um Evrópukeppni félagsliða.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

Greinargerð:

25 % fall á milli deilda er einfaldlega of mikið.

Samþykkt var að vísa þingskjali 5 til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 5 var afgreitt í leiðinni með þingskjali 4.1.

Þingskjal 5 var fellt með 26 atkvæðum gegn 24.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007**

Pingskjal nr: 06-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Selfoss

4.2.3. 2. flokkur karla:

4.2.3.1. Í 2. flokki karla skal leikið í einni deild, tveimur riðlum.

4.2.3.2. Leikin skal þreföld umferð, heima og að heiman. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. gr. 2.3.

4.2.3.3. Þau lið sem enda í efsta sæti í sínum riðli skulu leika úrslitaleik um hvort liðið endar sem deildarmeistari, leikið er til þrautar, skv 2.3.2. Leikið er á hlutlausum velli og kostnaðarskipting skal vera sú sama og í bikarkeppni.

Að lokinni deildarkeppni er spiluð úrslitakeppni. Í úrslitakeppni skal það lið, sem varð ofar í deildarkeppninni fá heimaleik.

4.2.3.4. Að lokinni deildarkeppni fara 4 efstu lið hvors riðils í undanúrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil og er þá leikinn einn leikur og eru allir leikir í undanúrslitum og úrslitakeppni leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2.

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1a leikur við 4b

Lið nr. 1b leikur við 4a

Lið nr. 2a leikur við 3b

Lið nr. 2b leikur við 3a

Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar varð í riðlakeppninni.

Sigurveggar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1a-4b við sigurvegara úr leik 2b-3a. Sigurvegari úr leik 1b-4a við sigurvegara úr leik 2a-3b.

4.2.3.5. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistartitil og tapliðin leika um 3. sæti. Alla þessa leiki skal leika til þrautar skv. gr. 2.3.2.

4.2.3.6. Kostnaðarskipting í úrslitakeppni skal vera sú sama og í bikarkeppni

Verður:

Fellur út

Greinargerð:

Mikil umræða hefur um það að leggja niður 2.flokk og lengja unglingaflokk.

Samþykkt var að vísa þingskjali 6 í Allsherjarnefnd.

Þingskjal 6 ganga saman, enda hið fyrrnefnda afleiðing af því síðarnefnda.

Nefndin tók ekki afstöðu til þingskjala 6 og 7, lét þingheim um að greiða atkvæði.

Umræður, sjá þingskjal 7.

Greitt var atkvæði um þingskjöl 6 og 7 saman.

Þingskjöl 6 og 7 voru felld með þorra greiddra atkvæða gegn 10.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 07-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Selfoss

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur: Karlar: Konur: _____

Meistaraflokkur 21 árs og eldri 20 ára og eldri

1. flokkur 30 ára og eldri 24 ára og eldri

2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur kvenna		16 ára til 19 ára
3. flokkur	16 og 17 ára	
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	9 ára og yngri	9 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglíngaflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Verður:

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur: _____ Karlar: _____ Konur: _____

Meistaraflokkur 19 ára og eldri 19 ára og eldri

1. flokkur 30 ára og eldri 24 ára og eldri

Unglingaflokkur 16, 17 og 18 ára 16, 17 og 18 ára

4. flokkur 14 og 15 ára 14 og 15 ára

5. flokkur 12 og 13 ára 12 og 13 ára

6. flokkur 10 og 11 ára 10 og 11 ára

7. flokkur 9 ára og yngri 9 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með **unglingaflokks**. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., **unglinga**., og 4. flokki karla **og kvenna** að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Greinargerð:

Mikil umræða hefur um það að leggja niður 2.flokk og lengja unglíngaflokk.

Þingskjal 7 var vísað í Allsherjarnefnd.

Þingskjal 7 gengur saman með skjali 6.

Hallur frá Selfossi.

Unglingaflokkur er lengdur með sjálfræðisaldri. Skjölin eru til íhugunar. Með þeim er leitast við að draga úr brottfalli og leita hagræðingar þar eð 2. flokkur er dýr í rekstri. Svo er hann óttalegt olnbogabarn í handboltanum í dag.

Alexander frá HK.

Ekki sammála því að 2. flokkur sé olnbogabarn þótt flokkarnir séu vissulega misfjölmennir eins og gengur. Flokkurinn er síðasti hjallinn í meistaraflokk, hann leggur grunninn að "alvöru lífsins" áður en þeim er hent í djúpu laugina, þarna eru alvöru dómara og önnur "alvöru" umgjörð sem er mikilvægur undirbúningur í meistaradeildina. Því sé ráð að styrkja deildina enn frekar fremur en hitt.

Rúnar Víkingi.

Rúnar rifjaði upp umræðuna frá því í fyrra, þá var nafni 3. flokks karla breytt í unglíngaflokk. Þá snérist umræðan um að búa til ungmennaflokk úr og lengja hann um eitt ár upp á við. Ef talað er um útbreiðslu íþróttarinnar og fá litlu félögin á landsbyggðinni til að vera með, þá drepur þetta niður þátttöku, sér í lagi úti á landi, frá 19 ára og upp úr alveg til þrítugs, þeir hafi ekkert til þrítugs. Kostirnir eru hins vegar ótvíræðir fyrir öflugna hópa á stærri stöðum s.s. félög í Reykjavík, en ekki ef verið er að tala um að fá fleiri félög og fleiri iðkendur, þá er þessi tillaga ekki góð.

Jón Eggert frá Fram.

Hann styður tillöguna. Ástæðan er að Fram mun hafa B-lið sem vert sé að styrkja og hann vildi gjarnan að fleiri lið hefðu svona B-lið. Í félaginu eru margir færir og efnilegir leikmenn, sem þó eru ekki endilega alveg nógu góðir til að fara í meistaradeildina. Helstu rökin fyrir því að styðja þessa tillögu er því möguleikinn á

að fá fleiri lið í meistaraflokkinn þegar liður á. Því styður hann þessa tillögu, jafnvel þótt þetta sé ekkert stórkostlegt hitamál endilega.

Ragnheiður, Fjölmi.

Þeir eru ekki mjög stórir hjá Fjölmi og þetta kemur sér vel fyrir þá þar eð 3. flokkur er annars að lognast út af. Þessi tillaga er í þágu þeirra sem virkilega halda uppi starfsemi félagsins. Því styður Fjölmi þessa tillögu.

Már frá Víkingi.

”Þetta passar mér núna” Menn komast ekki úr hjólförum, sjá hlutina ekki globalt, bara ”við verðum í þessari stöðu”, geta ekki horft á handboltann í heild. Skiljanleg afstaða í sjálfu sér en sérkennilegt að bera hana á torg með þessum hætti.

Þorsteinn, Stjórnunni.

Búið að ræða tillögu fram og til baka. Auðvitað eru allir til í að spara og fórna 2-3 árgöngum! Það er ekki búið að hugsa þetta lengra, ekkert búið að hugsa hvað gerist þegar allir eru komnir með B-lið, allt fullt af strákum í B-liðum og fullt af B-liðum í hverju félagi! Slíkt myndi krefjast fullt af nýjum úrlausnarefnum sem ekki hefur verið fengist við áður. Þorsteinn sagðist sjálfur vera með fullt af 1987 árgerðarstrákum og að hann stæði frammi fyrir óvissu um framtíð þessara stráka á þessum tíma, sem styrking B-liðsins eykur á. Hann legðist því alfarið á móti tillögunni.

Gauti sjúkrapjálfi.

Er í viðgerðarþjónustu fyrir handboltann. Er í fullu starfi við að ”gera við” ungt íþróttafólk sem er eyðilagt af því það fór í of mikið of snemma. Af hverju náum við ekki fleirum upp í gegnum yngri flokkana? Jú, við köllum það “brottfall”. Krakkarnir fá einfaldlega önnur áhugamál þegar þau, 16 ára kríli, fara að keppa við 18 ára risa. Við svona aðstæður hreinlega hörfa þau frá, og það er bara kallað “brottfall”, eins og ekkert sé! Hvað gerist svo þegar maður er 19 ára og og hefur svakalegan metnað að komast í landsliðið? Þá er enginn flokkur, heldur þarf að bíða í þrjú ár eftir að komast hugsanlega í B-liðið, eða í meistaraflokk. Þá fara þau bara í körfuboltann í staðinn! Það eru svo fáir krakkar í 2. flokki einfaldlega af því við höfum ekki staðið okkur í að gera þetta nógu skemmtilegt fyrir þau. Okkur vantar að fá þessa krakka að hjálpa okkur að dæma. En viti menn, þegar þau voru 19 ára sögðum við þeim að við hefðum ekkert með þau að gera, að við nenntum ekki að vera með einhverja fjáröflun eða búa til umgjörð fyrir 2. flokkinn. Svo stöndum við uppi með það að við höfum ekki dómara. Við spörkuðum þeim í burtu fyrir skyndilausnir til að redda okkur eitt ár fram í tímann! Svona málflutning er bara ekki hægt að styðja, sagði Gauti af mikilli innlifun og sannfæringarkrafti.

Greitt var atkvæði um þingskjöl 6 og 7 saman.

Þingskjöl 6 og 7 voru felld með þorra atkvæða gegn 10.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 08-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

Ný grein..

Verður

4.2.1.9. Ellefu leikjahæstu leikmenn félags með liði 1 á hverjum tíma hafa ekki heimild til að leika með liði 2 frá sama félagi.

Greinargerð:

Verið að setja inn ákvæði um flutning leikmanna milli liða 1 og 2 þar sem sú staða er komin upp að lið eru að senda fleiri en eitt lið til keppni.

Samþykkt var að vísa þingskjali 8 til Allsherjarnefndar.

Umræðan var töluverð meðal nefndar. Rætt um að fara svokallaða “dönsku leið”. Nefnd lagði ekki í að leggja tillöguna fram án þess að fara í allsherjar skoðun á lögunum. Því lagði nefnd til að skjalið yrði samþykkt óbreytt, en mæltist jafnframt til að laganefnd skoðaði þetta mál útstrikunarleiða fyrir næsta þing.

Þingskjal 8 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 09-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót

Var

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 2 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 2 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Verður

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

Skal þessi keppni vera leikin að hausti á undan fyrsta leik á Íslandsmóti.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 2 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 2 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). **Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) en ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem var í þriðja sæti öðlast þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup). Það lið sem var efst í deildarkeppninni án þess að vinna sér inn sæti í evrópukeppni öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge Cup).**

Greinargerð:

Íslandsmeistari skal krýndur í lok tímabils. Færa skal Deildarbikarinn í byrjun móts til að auka spilform fyrir þau lið sem taka þátt í Evrópukeppninni.

Samþykkt var að vísa þingskjali 9 til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til að skjal yrði fellt ásamt með skjali 10, sem þetta þingskjal er afleiðing af. Greitt var atkvæði um þau saman.

Samþykkt var að fella þingskjöl 9 og 10 saman með þorra greiddra atkvæða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 10-00**

Tillaga um Reglugerð um meistarakeppni HSÍ
Flutningsaðili: Fram

Var

6. Reglugerð um meistarakeppni HSÍ

- 6.1.** Árlega og áður en keppni í deildum hefst, skal fara fram leikur milli Íslands- og bikarmeistara HSÍ.
- 6.2.** Mótanefnd HSÍ ákveður leikstað og HSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við félag.
- 6.3.** Sé sama félag í senn Íslands- og bikarmeistari skal lið þess leika gegn liði þess félags sem varð deildarmeistari.
- 6.4.** Sé sama félag í senn Íslands-, bikar- og deildarmeistari skal lið þess leika gegn liði þess félags sem varð númer tvö í bikarkeppni HSÍ.
- 6.5.** Hver leikur skal leikinn til þrautar, sbr. gr. 2.3. Reglugerðar HSÍ um Handknattleiksmót.
- 6.6.** Venjulegur kostnaður við leikinn, svo sem húsaleiga, auglýsingar og ferðakostnaður fyrir allt að 18 manns, og dómarakostnaður skal greiðast af HSÍ. Á sama hátt falla allar tekjur af leiknum til HSÍ.
- 6.7.** Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um meistaraflokk karla og kvenna.

Verður

Greinarnar falla niður og greinarnar þar á eftir færast upp.

Greinargerð:

Íslandsmeistari skal krýndur í lok tímabils. Færa skal Deildarbikarinn í byrjun móts til að auka spilform fyrir þau lið sem taka þátt í Evrópukeppninni.

Samþykkt var að vísa þingskjali 10 til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til að skjal yrði fellt og meistarakeppni yrði haldið inni.

Samþykkt var að fella þingskjöl 9 og 10 saman með þorra greiddra atkvæða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 11-00**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: Höttur

Var

3.1. Almennt um félagaskipti.

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi. Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Gildistími leikmannasamninga skal birtur á heimasíðu HSÍ.

Verður

3.1. Almennt um félagaskipti.

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum **annaðhvort hafa vera tilkynntir til skrifstofu HSÍ á þar til gerðu eyðublaði fyrir upphaf móts, eða fyrir fyrsta leik v.k. leikmanns á tímabilinu eða** hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi eða **tilkynnt hefur verið til skrifstofu HSÍ á þar til gerðu eyðublaði.** Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Gildistími leikmannasamninga skal birtur á heimasíðu HSÍ.

Greinargerð:

Við teljum óeðlilegt að HSÍ skuli neyða félög til að sammingsbinda alla sína leikmenn og þar af leiðandi taka af félögunum mögulega tekjumöguleika í formi æfingagjalda og e.t.v. hluta af greiðslu ferðakostnaðar. Þetta þekkist hvorki í knattspyrnu né körfuknattleik og þar er félögunum í sjálfsvald sett hvort þau semji við sína leikmenn um að greiða öll æfingagjöld og allan ferðakostnað fyrir þá osfrv. Einnig minkar þetta möguleika yngri leikmanna á að fá að spreyta sig þar sem þá þarf að semja við þá.

Með tilkomu 1.deildarinnar mun vonandi fjölga “áhugamanna” liðum sem samanstanda fyrst og fremst af einstaklingunum sem mynda liðið og því ekki óeðlilegt að þau lið þurfi á æfingagjöldum osfrv að halda til að geta staðið undir sér.

Þá má einnig benda á handboltaakademíur sem fara vonandi fjölgandi sbr handboltaakademíuna á Selfossi sem rukkar iðkendur sína um fleiri tugi þúsunda á tímabili til að standa undir kostnaði og getum við ekki betur séð en það stangist á við neðangreint ákvæði í leikmannasamning.

2.1. Félagið skal leitast við að sjá leikmanni fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni honum að kostnaðarlausu.

Samþykkt var að vísa þingskjali 11 til Allsherjarnefndar.

Nefnd komst ekki að niðurstöðu um málið. Hún lét því þingmeðlimi um að greiða atkvæði um skjalið.

Þingskjal 11 var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn 1.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Pingskjal nr: 12-00**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

Var

3.1. Almennt um félagaskipti.

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi. Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Gildistími leikmannasamninga skal birtur á heimasíðu HSÍ.

Verður

3.1. Almennt um félagaskipti.

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi. Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

A-samningur og viðaukasamningur við A-samninginn skulu hafa sömu tímamörk. Ef kemur í ljós að samningarnir hafa ekki sama gildistíma þá gildir sú tímasetning sem er til skemmri tíma.

Gildistími leikmannasamninga skal birtur á heimasíðu HSÍ.

Greinargerð:

Verið að koma í veg fyrir það að hægt sé að gera A-samning til lengri tíma heldur enn viðaukasamning.

Samþykkt var að vísa þingskjali 12 til Allsherjarnefndar.

Töluvert umdeilt skjal í Allsherjarnefnd. Nefnd er sammála í grundvallaratriðum en vildi fara sína leiðina hver.

Nefnd leggur því til óbreytta samþykkt og hvetur félögin til að vanda til verka svo þau lendi ekki í klemmu með þetta.

Kjartan úr Fram.

Umræðan var nokkuð ágæt úr Allsherjarnefnd. Hins vegar eru mikilvægir hagsmunir að standa vörð um A-samninginn og viðaukasamningur getur aldrei tekið A-samningi fram. Samningurinn verður að geta staðið og Kjartan sagðist óttast uppnám ef menn gæti sín ekki. Hann lagði því til að skjalið yrði fellt.

Þingskjal 12 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 6.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 13-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: Fram

Var

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30 júní árið sem samningi lýkur, enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 12 mánuði.

Grein þessi skal ekki hafa afturvirk áhrif og hefur hún því ekki áhrif á samninga dagsetta fyrir 26.mars 2004.

Verður

3.1.2. Enginn hámarkssamningstími er á A samningum en þó skal A samningur ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30 júní árið sem samningi lýkur,

B samningar geta aldrei verið lengri en til 36 mánaða og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 36 mánuði.

Leikmenn yngri en 25 ára fá ekki leikheimild frá HSÍ ef þeir eiga minna en 2 ár eftir af leikmannasamningi.

Grein þessi skal ekki hafa afturvirk áhrif og hefur hún því ekki áhrif á samninga dagsetta fyrir 26.mars 2004.

Greinargerð:

Hagsmunir félaganna eru að geta samið við sína ungu og efnilegu leikmenn til lengri tíma.

Samþykkt var að vísa þingskjali 13 til Allsherjarnefndar.

Nefndin studdi hluta breytinganna en hafnaði öðrum, sem henni fannst ekki hafa neina þýðingu í raun.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 13-01**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti

Var

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní árið sem samningi lýkur, enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 12 mánuði.

Grein þessi skal ekki hafa afturvirk áhrif og hefur hún því ekki áhrif á samninga dagsetta fyrir 26.mars 2004.

Verður

3.1.2. Enginn hámarkssamningstími er á A samningum en þó skal A samningur ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní árið sem samningi lýkur,

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 12 mánuði.

Grein þessi skal ekki hafa afturvirk áhrif og hefur hún því ekki áhrif á samninga dagsetta fyrir 26.mars 2004.

Greinargerð:

Hagsmunir félaganna eru að geta samið við sína ungu og efnilegu leikmenn til lengri tíma.

Nefndin lagði til að greinin héldi en yrði e.t.v. tekin út seinna og þá ekki í svona tímaböng!

Þingskjal 13.1 var samþykkt samhljóða.



50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

18. apríl 2007
Þingskjal nr: 14-00

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

Var

Ný grein

Verður

3.4 Lánssamningar

3.4.1. Félög sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns skulu gera um það skriflegan samning sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum og leikmanni. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans.

3.4.2. Brot á ákvæði þessu getur varðað:

- a) Áminningu,
- b) Sekt, allt að kr.100.000.-
- c) Svipta félagið rétti til að gera nýja samninga í allt að eitt keppnistímabil.

Greinargerð:

Verið að setja inn ákvæði um lánssamning.

Samþykkt var að vísa þingskjali 14 til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 14 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 15-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Fram

Var

Ný grein

Verður

2.1.28. Félögum í efstu deildum karla og kvenna er skylt að kaupa 20 miða hvert á bikarúrslitaleiki sem og alla Evrópuleiki. Miðarnir verða seldir á hálfvirði.

Greinargerð:

Félögin í landinu þurfa að sýna þeim liðum sem eru í bikarúrslitum og í Evrópukeppnum stuðning í verki,

Samþykkt var að vísa þingskjali 15 til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að tillagan yrði felld.

Þingskjal 15 var felld með þorra greiddra atkvæða gegn 3.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 16-00**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: HSÍ

Ný grein

Verður:

- 1.14. Handknattleiksþingi er heimilt að kjósa heiðursformann Handknattleikssambands Íslands, ef 2/3 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.
- 1.15. Heiðursformenn HSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á handknattleiksþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn HSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Greinar þar á eftir færast niður sem þessu nemur.

Greinargerð:

Verið að setja inn grein um Heiðursformenn

Samþykkt var að vísa þingskjali 16 til Laga- og reglanefndar.

Laga- og reglanefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 16 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 17-00**

Tillaga um Reglugerð um ferðajöfnunarsjóð
Flutningsaðili: Fram

Var

- 21.2. Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000.- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldalagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. Kr. 50.000.-

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Verður

21.2. Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða **kr. 200.000.-** til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldldagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. **Kr. 200.000.-**

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Greinargerð:

Án öflugs handbolta á landsbyggðinni er stutt í endalokin og nauðsynlegt er að styðja við bakið á þau.

Samþykkt var að vísa þingskjali 17 til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til viðbætur við breytingartillögu.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 17-01**

Tillaga um Reglugerð um ferðajöfnunarsjóð
Flutningsaðili: Fram

Var

21.2. Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000.- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldldagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. Kr. 50.000.-

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Verður

21.2. Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða **kr. 200.000.-** til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldldagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. **Kr. 200.000.-.** **Félag þarf eingöngu að greiða fyrir eitt lið í meistaraflokki karla og eitt lið í meistaraflokki kvenna.**

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Greinargerð:

Án öflugs handbolta á landsbyggðinni er stutt í endalokin og nauðsynlegt er að styðja við bakið á þau.

Stefán frá Val.

Vakti athygli á að þetta kvæði á um óttalegan kostnaðarauka, og áréttaði að um væri að ræða 400.000 króna kostnaðarbyrði á félag sem væri að senda lið beggja kynja, í stað 100.000 áður. Best væri að láta ferðajöfnunarsjóð Menntamálaráðuneytisins sjá um þetta.

Pétur Vilberg.

Reykjavíkurlíð eiga að sýna í verki að þau styðji og líti á landsbyggðarlið sem ekki síður mikilvægari en Reykjavíkurlíðin. Því lagði hann til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingskjal 17.1 var fellt með 29 atkvæðum gegn 25.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 18-00**

Tillaga um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

Ný grein

Verður

2.1.27. Stjórn HSÍ skal gefa út reglur um umgjörð leikja í efstu deild karla og kvenna fyrir 1.ágúst ár hvert.

Stjórn HSÍ er heimilt að sekta félög um allt að kr.100.000.-, fari þau ekki að fyriræmum stjórnar HSÍ um umgjörð leikja.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að koma upp föstu og ákveðnu vinnuumhverfi í kringum leiki.

Samþykkt var að vísa þingskjali 18 til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til viðauka við nýja grein.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 18-01**

Tillaga um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

Ný grein

Verður

2.1.28. Stjórn HSÍ skal gefa út reglur um umgjörð leikja í efstu deild karla og kvenna fyrir 1.ágúst ár hvert.

Stjórn HSÍ er heimilt að sekta félög um allt að kr.100.000.-, fari þau ekki að fyrirmælum stjórnar HSÍ um umgjörð leikja **að undangenginni áminningu.**

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að koma upp föstu og ákveðnu vinnuumhverfi í kringum leiki.

Már frá Víkingi.

Vildi ganga lengra og lagði til að greinin yrði gerð víðtækari með því að orðin “í efstu deild karla og kvenna” féllu út.

Breytingartillaga Más var felld með þorra atkvæða gegn 10.

Þingskjal 18.1 var samþykkt með þorra atkvæða gegn 4.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 19-00**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

Var

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október og eftir síðasti virka dag í janúar sbr. Reglugerð 3.1.5. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn er síðast léku með erlendu félagsliði.

Verður

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag í október og síðasta virka dag í janúar sbr. Reglugerð 3.1.5. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn er síðast léku með erlendu félagsliði.

Greinargerð:

Verið að laga orðalag.

Samþykkt var að vísa þingskjali 19 til Laga- og reglanefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 19 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 20-00**

Tillaga um Reglugerð fyrir Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: HDSÍ

Ný grein

Verður:

10.3.10.Heiðursmerkjanefnd skal skipuð af stjórn HDSÍ og skal formaður HDSÍ vera formaður nefndarinnar hverju sinni.

Viðurkenningar HDSÍ eru 3 talsins.

A) Fáni HDSÍ - með krans.

Heimilt er að sæma þá, sem stjórn HDSÍ telur að hafi til þess unnið á einn eða annan hátt.

B) Heiðurs skjöldur HDSÍ og Heiðursfélagi HDSÍ

Skjöldur þessi er áletruð silfurplata á trégrunni. Skjöldur þennan má veita þeim, sem starfað hafa að dómaramálum í 20 ár. Þó getur stjórn H.D.S.Í. sæmt menn heiðurskildi ef sérstök ástæða þykir, handhafar skjöldsins eru frá og með afhendingu hans heiðursfélagar Handknattleiksdómarasambands Íslands.

C) Gullmerki H.D.S.Í. með krans.

Merki þetta er merki HDSÍ úr gulli, með krans og má aðeins veita ef sérstök ástæða þykir.

Grein 10.3.10. verður 10.3.11.

Greinargerð:

Verið að bæta inn grein um viðurkenningar H.D.S.Í.

Samþykkt var að vísa þingskjali 20 til Laga- og reglanefndar.

Nefndin lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 20 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 21-00**

Tillaga um Reglugerð fyrir Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: HSÍ

Var

10.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Skulu að minnsta kosti þrír þeirra hafa landsdómararéttindi. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar, sem skal hafa landsdómararéttindi, sem síðan gerir tillögu um fjóra menn í nefndina.

Verður

10.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar sem og fjóra meðstjórnendur. Skulu að minnsta kosti þrír nefndarmanna hafa landsdómararéttindi.

Greinargerð:

Eðlilegt er að stjórn HSÍ skipi í nefndir innan sambandsins.

Samþykkt var að vísa þingskjali 21 til Laga- og reglanefndar.

Þingskjal 21 gengur saman með þingskjali 22, greitt atkvæði um þau saman.

Nefndin lagði til óbreytta samþykkt beggja þingskjala.

Þingskjöl 21 og 22 voru saman samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr:22-00**

Tillaga um Reglugerð fyrir Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: HSÍ

Var

10.3.2. Tilgangur sambandsins er:

1. að halda uppi kröftugu fræðslustarfi meðal dómara og aðildarfélaga HSÍ.
2. að gæta hagsmuna dómara.
3. að tilnefna tvo menn í dómaragjaldanefnd.
4. að halda skrá yfir dómara í landinu.
5. að skipa tvo menn í dómaranefnd.
6. að sjá um úthlutun á dómararbúningum og að þeir séu samræmdir í útliti.
7. að velja leikmenn til að hljóta Háttvísiverðlaun HSÍ/HDSÍ ár hvert.

Verður

10.3.2. Tilgangur sambandsins er:

1. að halda uppi kröftugu fræðslustarfi meðal dómara og aðildarfélaga HSÍ.
2. að gæta hagsmuna dómara.
3. að tilnefna tvo menn í dómaragjaldanefnd.
4. að halda skrá yfir dómara í landinu.
5. að sjá um úthlutun á dómararbúningum og að þeir séu samræmdir í útliti.
6. að velja leikmenn til að hljóta Háttvísiverðlaun HSÍ/HDSÍ ár hvert.

Greinargerð:

Eðlilegt er að stjórn HSÍ skipi í nefndir innan sambandsins.

Samþykkt var að þingskjalinu yrði vísað til Laga- og reglnanefndar.

Þingskjöl 21 og 22 voru saman samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal**

18. apríl 2007
Þingskjal nr: 23-00

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

2.1.26. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ á kostnaðarverði. Ef félög skila ekki inn DVD af leik sínum þá geta þau ekki fengið leiki úr safninu

Verður

2.1.26. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ á kostnaðarverði. Ef félög skila ekki inn DVD af leik sínum þá **skulu þau sæta dagssektum kr.1.000.- á dag þar til að leik hafi verið skilað en þó að hámarki 20.000.- fyrir hvern leik.**

Greinargerð:

Ekki hefur gengið nægilega að innheimta DVD af félögum og ljóst að viðurlög þurfa að vera við brotum á þessari reglugerð.

Samþykkt var að vísa þingskjali 23 til Laga- og reglanefndar.

Nefnd vildi fara lengra með breytingartillögur og skerpa að auki lítillega á orðalagi.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 23-01**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

2.1.27. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ á kostnaðarverði. Ef félög skila ekki inn DVD af leik sínum þá geta þau ekki fengið leiki úr safninu

Verður

2.1.26. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Ef félög skila ekki inn DVD af heimaleik sínum þá **skulu þau sæta dagssektum kr.1.000.- á dag þar til að leik hafi verið skilað en þó að hámarki 20.000.- fyrir hvern leik.** Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ á kostnaðarverði **svo fremi að þau hafi staðið í skilum.**

Greinargerð:

Ekki hefur gengið nægilega að innheimta DVD af félögum og ljóst að viðurlög þurfa að vera við brotum á þessari reglugerð.

Porgeir Haraldsson.

Hann óskaði þess að liðin og sambandið þyrfti ekki að standa í þessu þvargi öllu meðan RÚV stendur í að taka upp alla leikina á annað borð. Hann vildi að RÚV yrði gert að skaffa leikina og senda til HSÍ til að sambandið þyrfti ekki að leggja til kostnað í upptökur, því stundum þyrfti það, hjá eingöngu sumum liðum.

Þessu fylgja vangaveltur úr sal hvort ekki sé hægt að gera einhvern samning við RÚV um upptökur.

Almennt var talið að ekki yrði unnt að verða við tillögu Þorgeirs.

Sigfús.

Hann talaði um að hér ríkti skammsýni og þröngsýni og menn væru einungis að "hugsa um eigin rass". Í þessu samhengi benti Sigfús á að fyrir norðan væru aldrei teknir upp heilir leikir, heldur er ætlast til að félögin kosti til upptöku, meðan HSÍ fær upptöku frítt frá RÚV.

Þingforsetinn mótmælti orðum Sigfúsar. Fyrst og fremst væru upptökur RÚV miklu betri og flottari, enda professional á 3-5 vélum móti einni lítilli frá félögunum og ekki skrítið að fólk vildi frekar fá þær.

Spurning úr sal:

Hvað þá þegar upptaka klikkar eða mistekst og engin upptaka er til? Á að bæta við klausu þar lútandi um sektir?

Þingforseti svaraði:

Við erum mennsk og það hlýtur að verða tekið tillit til þess ef óhöpp eigi sér stað, enda ekki ætlast til að liðin hafi margar varavélar (backup) fyrir leiki.

Framkvæmdastjóri Einar:

Málið snýst fyrst og fremst um að fá efnið og meiningin er sú að allt efnið yrði sett inn á sérstaka videofila og geymt þar. Þá liggja engir sérstakir samningar fyrir við RÚV um að nálgast þeirra upptökur.

Spurt úr sal hvers vegna sé ekki hægt að fara í samningaviðræður við RÚV um að þeir skaffi alla samþykktu leiki sem þeir taka upp skv. samningi. Einar taldi að það ætti ekki að vera mikið mál ef RÚV er á staðnum á annað borð. Þingforseti tók undir það, þá væri bara um að gera að hafa samband við RÚV hverju sinni ef þeir eru á staðnum að taka upp heilan leik. Enda kveði lögin ekki beinlínis á um það að liðin sjálf eigi að taka upp leikina.

Ábending úr sal um að það standi reyndar í skjalinu að liðin skuli sjálf sjá um upptökurnar! Þingforseti: OK, en orðalagið skiptir kannski ekki öllu í þessu tilfelli, málið snýst umfram allt um að fá efnið og upptaka er upptaka sama hver tekur upp!

Karl frá Stjórnunni:

Á þessu er hliðarverkun eins og ýmsu öðru. Vilji maður komast framhjá þessum reglun og skila ekki inn upptöku heldur halda fyrir sig einan, þá er það unnt. Því standi eftir spurningin hvernig unnt sé að koma í veg fyrir þetta.

Einfalt svar þingforseta: Það verður aldrei komið í veg fyrir alla agnúa! Sektarákvæði liggja fyrir og það er það besta sem hægt er að gera í stöðunni.

Eftir stendur um skjal 23.1 að greitt er atkvæði um orðalagsbreytingu og sektarákvæði ef menn standa ekki í skilum.

Skjal 23.1 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 3.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 24-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti

Var

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn, þar til 1.janúar það ár sem samningurinn rennur út við viðkomandi leikmann, án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Verður

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn, þar til 1.janúar það ár sem samningurinn rennur út við viðkomandi leikmann, án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um **kr. 500.000**. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Greinargerð:

Sektin er alltof lág og þarf að hækka.

Samþykkt var að vísa þingskjali 24 til Allsherjarnefndar.

Nefnd tók ekki afstöðu til málsins.

Þingskjal 24 var samþykkt með 26 atkvæðum gegn 23.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 25-00**

Tillaga um Reglugerð fyrir Aganefnd
Flutningsaðili: HSÍ

Var

8.5.1. b) 2 leikir í bann fyrir:

-grófa óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, sem leiðir til útlökunar, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)

-brjóti leikmaður af sér á síðustu mínútu leiks með þeim hætti að kasta sér á andstæðing, leikmann með bolta.

- Grófa endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

Verður

8.5.1. b) 2 leikir í bann fyrir:

-grófa óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, sem leiðir til útlökunar, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)

-brjóti leikmaður **gróflega** af sér á síðustu mínútu leiks **í þeim tilgangi að hafa áhrif á úrslit leiks.**

- Grófa endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

Greinargerð:

Verið að skerpa á orðalagi.

Samþykkt var að vísa þingskjali 25 til Laga- og reglnanefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt þrátt fyrir að orðalag væri skrítið. Nefnd fann ekki betra orðalag. Þingforseti tók í sama streng, að orðalagið væri ekki nógu gott. Það skortir hins vegar ennþá tillögur að betrumbótum og því varla stætt á öðru en bera þetta upp til atkvæðagreiðslu óbreytt.

Þingskjal 25 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 26-00**

Tillaga um Reglugerð um Aganefnd
Flutningsaðili: HSÍ

Var

Ný grein..

Verður

8.4.6. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar skráningar ber skrifstofu HSÍ að koma því til aganefndar sem tekur málið fyrir á næsta fundi.

Greinargerð:

Mikilvægt er að hægt sé að taka á því ef að af vangá er kveðinn upp rangur úrskurður.

Samþykkt var að vísa þingskjali 26 til Laga- og reglanefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 26 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 27-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

4.2.5.1. **Kept skal í A- og B- styrkleikaflokkum. Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið og fleiri en eitt B-lið. Ef þurfa þykir getur mótanefnd bætt við C-styrkleikaflokki. Fyrsta lið félags skal almennt teljast A- styrkleikaflokks (A-lið). Félag er þó heimilt að vera með fyrsta lið sem B-lið en félag verður að sækja um slíkt til mótanefndar. Markmiðið er að lið séu að keppa við jafningja sína.**

Leikið í tveimur deildum, 1. deild og 2. deild í hverjum styrkleika. Skal fjöldi deilda og umferða á Íslandsmóti miðaður við að fjöldi leikja sé um 20.

Hverju félagi er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni.

Leiktími í 4.flokki karla og kvenna skal vera 2*25 mín og leikhlé 7 mín.

Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils.

Leikið er í riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt miðað við 4 riðla
Riðlar.

A	B	C	D
1	2	3	4
8	7	6	5
9	10	11	12
16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x20 mínútur og leikhlé 7 mínútur.

Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli.

Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera 2.000 kr á leik per lið.

Verður

4.2.5.1. **Kept skal í A- og B- styrkleikaflokkum. Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið og fleiri en eitt B-lið. Ef þurfa þykir getur mótanefnd bætt við C-styrkleikaflokki. Fyrsta lið félags skal almennt teljast A- styrkleikaflokks (A-lið). Félag er þó heimilt að vera með fyrsta lið sem B-lið en félag verður að sækja um slíkt til mótanefndar. Markmiðið er að lið séu að keppa við jafningja sína.**

Leikið í tveimur deildum, 1. deild og 2. deild í hverjum styrkleika. Skal fjöldi deilda og umferða á Íslandsmóti miðaður við að fjöldi leikja sé á bilinu 16 - 22.

Hverju félagi er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni.

Leiktími í 4.flokki karla og kvenna skal vera 2*25 mín og leikhlé 7 mín.

Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils.

Leikið er í riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt miðað við 4 riðla
Riðlar.

A	B	C	D
1	2	3	4
8	7	6	5
9	10	11	12
16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x20 mínútur og leikhlé 7 mínútur.

Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli.

Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera 2.000 kr á leik per lið.

Greinargerð:

Með þessu er verið að gera auðveldara fyrir að stjórna fjölda leikja og stærð deilda.

Samþykkt var að vísa þingskjali 27 til Laga- og reglanefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal 27 var samþykkt samhljóða.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 28-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

4.2.5.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistarátítilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitillinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Verður

4.2.5.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitillinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Leikir í 8-liða úrslitum skulu leiknir á heimavelli liðsins sem endaði ofar í deildarkeppninni en leikir í 4-liða og í úrslitum skulu leiknir á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitillinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Greinargerð:

Verið að laga reglugerðina af því sem hefur verið framkvæmt undanfarin ár samkvæmt hefð.

Samþykkt var að vísa þingskjali 28 til Laga- og reglnanefndar.

Þingskjalið var töluvert umdeilt meðal nefndar.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 28-01**

Var

- 4.2.5.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

- Lið nr. 1 og nr. 8
- Lið nr. 2 og nr. 7
- Lið nr. 3. og nr. 6
- Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Verður

- 4.2.5.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Leikir í 8-liða úrslitum skulu leiknir á heimavelli liðsins sem endaði ofar í deildarkeppninni en leikir í 4-liða og í úrslitum skulu leiknir á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7). Leitast skal við að ferðast á sem hagkvæmestan hátt.

Liðin raðast þannig:

- Lið nr. 1 og nr. 8
- Lið nr. 2 og nr. 7
- Lið nr. 3. og nr. 6
- Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Greinargerð:

Verið að laga reglugerðina af því sem hefur verið framkvæmt undanfarin ár samkvæmt hefð.

Þetta þingskjal kallaði fram töluverðar umræður hjá bæði nefnd og þingheimi.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt þrátt fyrir annmarka hvað varðar kostnaðarskiptingu, alla vega hjá yngri flokkunum. Það er bara ekki hægt að hrófla svo auðveldlega við reglugerðinni þótt jöfn kostnaðardreifing þýði í raun að hún er alls ekki jöfn.

Erlingur.

Í fyrra var breytt fyrirkomulag 4. flokks samþykkt, núna reki menn sig hins vegar á því að þetta hafi í för með sér gífurlega kostnaðaraukningu. Svo borga gestgjafar helming ferðakostnaðar móti gestaliði, en spurningin stendur eftir: Hvað á að borga? Á að borga flug, rútuferð, fyrir 10 manns, 15 manns, eða hvað? Liðin því eiginlega sjálf hvað skuli borga og hversu mikið!

Í þessu samhengi áréttaði Erlingur að þótt heimaliðin borgi helming ferðakostnaðar móti gestaliðum þá sé engin sanngirni í raun og veru, því liðin ferðast svo mismikið eftir landshlutum. Kostnaðardreifing verður af þeim sökum ójöfn og ósanngjörn. Þá bætir ekki úr skák þegar krakkarnir af landsbyggðinni, sem e.t.v. hafi farið í þónokkrar ferðir, þurfi síðan að borga undir lið fyrir sunnan sem kannski sé að fara sína fyrstu ferð á keppnistímabilinu. Þá sé að auki “hlutlausir völlurinn” alltaf fyrir sunnan! Svona hendur það að kostnaðarbyrðin verður alltaf ójöfn miðað við nógildandi ákvæði.

Erlingur kallaði því eftir umræðum um málið, og þá með hliðsjón af ferðajöfnunarsjóðinum sem mun vera til en hann hafi þó aldrei fengið greitt út. Hann hafi sjálfur ekki lausn á reiðum höndum, ekki sé endilega farsælast að láta lið fyrir sunnan borga meira, þau hafi nóg með sitt. Önnur úrræði þurfa til. Alla vega væri óskandi ef settur yrði liður sem kvæði á um að liðin ferðuðust ódýrt, einhverjar slíkar viðmiðunarreglur.

Þingforseti viðurkenndi að það skorti á sanngirninna en minnti á að í ljósi samþykktar Alþingis um ferðajöfnunarstyrk væru fyrirheit um að þessi skekkja fengist leiðrétt. Það væri full ástæða til að endurskoða þessar reglur.

Már frá Víkingi kom með breytingartillögu, til bráðabirgða alla vega, sem kvæði á um að mælst yrði til með skýrum stöfum að liðin ferðuðust ódýrt. Þótt hún segi ekki mikið þá felur hún alla vega í sér mórál og tilmæli. Niðurstaðan varð atkvæðagreiðsla um þingskjal 28.1 með þeirri orðalagsbreytingu og lítilsháttar málfarsbreytingu að auki.

Þingskjal 28.1 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 4.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 29-00**

Tillaga um Reglugerð Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

- 4.2.4.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Verður

- 4.2.4.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Leikir í 8-liða úrslitum skulu leiknir á heimavelli liðsins sem endaði ofar í deildarkeppninni en leikir í 4-liða og í úrslitum skulu leiknir á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitillinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Greinargerð:

Verið að laga reglugerðina af því sem hefur verið framkvæmt undanfarin ár samkvæmt hefð.

Samþykkt var að vísa þingskjali 29 til Laga- og reglanefndar.

Þetta skjal fæst við sambærileg mál og þingskjal 28, nema bara hér er átt við unglingsflokk.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 29-01**

Tillaga um Reglugerð Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

Var

4.2.4.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitillinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7). Leitast skal við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt.

Liðin radast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitillinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Verður

4.2.4.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitillinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Leikir í 8-liða úrslitum skulu leiknir á heimavelli liðsins sem endaði ofar í deildarkeppninni en leikir í 4-liða og í úrslitum skulu leiknir á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitillinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Greinargerð:

Verið að laga reglugerðina af því sem hefur verið framkvæmt undanfarin ár samkvæmt hefð.

Nefndin lagði til að skjalið yrði samþykkt með hliðsjón af samþykkttri breytingartillögu á þingskjali 28. Þingskjal 29 er sambærilegt við skjal 28, nema hér er á við unglingsflokk, svo breytingartillögur þingskjals 28.1 eiga líka við hér. Nefndin lagði því til sömu breytingar fyrir þingskjal 29.1.

Már frá Víkingi:

Tekur í sama streng og leggur til sambærilega breytingu og gerð var á þingskjali 28.1, um ódýran ferðamáta. Greitt var atkvæði um þingskjalið með þessum breytingum.

Þingskjal 29.1 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 5.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 30-00**

Tillaga um 4.-6. flokk karla og kvenna
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur:	Karlar:	Konur:
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	20 ára og eldri
1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur	16 og 17 ára	16 ára til 19 ára
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	8 og 9 ára	8 og 9 ára
8. flokkur	7 ára og yngri	7 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 8. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.).

2.1.5. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. og 8. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

2.1.12. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur: leiktími: leikhlé:

Mfl. A	2x30 mín.	10 mín
Mfl. B	2x30 ”	10 “
1.flokkur	2x20 “	7 “
2.flokkur	2x30 “	10 “
Unglingaflokkur	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
4.flokkur	2x25 “	7 “
5.flokkur	2x15 “	5 “
6.flokkur	2x10 “	3 “
7.flokkur	2x10 “	3 “
8.flokkur	2x10 “	3 “

2.3.2. Vinningsröð liða i keppnum á vegum HSÍ ákvarðast á eftirfarandi hátt.

Raða skal liðum til úrslita eftir keppni í riðlum, milliriðlum og deildum, þar sem ekki skal leikið til þrautar, í öllum flokkum, sem hér segir:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.

Unninn leikur 2 stig

Jafntefli 1 stig

Tapaður leikur 0 stig

2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.

3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.

4. Fleiri skorud mörk í innbyrðis leikjum.

5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.

6. Fleiri skorud mörk úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.

7. Hlutkesti.

Þegar leikið skal til þrautar og jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma skal í 4. flokki til og með meistaraflokki :

1. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
2. Leikið í 2x5 mínútur með 1 mínútu leikhléi. Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal:

3. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
4. Leikið í 2x5 mínútur með 1 mínútu leikhléi, Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal :

5. Vítakastkeppni.

a) Hvort lið tilnefnir 5 leikmenn sem höfðu leikheimild í lok síðari framlengingar. Afhenda skal lista með númerum 5 leikmanna. Hver hinna tilnefndu leikmanna skal taka eitt kast til skiptis við mótherjanna. Liðin ákveða sjálf röð kastara.

b) Markverði má velja frjálst og skipta þeim út í samræmi við leikreglur. Markverðir mega taka stöðu útileikmanna og útileikmenn mega taka stöðu markvarða.

c) Dómarar velja mark sem skal nota. Dómarar draga um það hvort lið byrjar. Það lið sem vinnur dráttinn hefur rétt á því að velja hvort það byrjar eða endar.

d) Ef leikur er enn jafn eftir fyrstu umferð vítakastkeppinnar skal vítakastkeppnin endurtekin þar til niðurstaða fæst. Lið það sem ekki hóf vítakastkeppnina byrjar. Í þessari umferð verður að tilnefna að nýju 5 leikmenn í hvoru liði (þeir leikmenn sem þegar hafa tekið þátt í vítakastkeppninni geta verið tilnefndir aftur)

e) Úrslit eru fengin ef markamunur er eftir að bæði lið hafa lokið annarri umferðinni.

f) Leikmenn og markverðir sem hafa leikheimild eru þeir leikmenn á leikskýrslu, sem ekki voru útilokaðir, brottviknir eða brottvísaðir, þegar flautað var til loka seinni framlengingar.

g) Alvarleg brot sem eiga sér stað á meðan á vítakastkeppninni stendur skal refsað með útilokun í öllum tilvikum. Ef að leikmaður eða markvörður er útilokaður eða meiðist skal tilnefna nýjan leikmann/markvörð.

h) Á meðan að köst eru tekin hafa aðeins leikmaður sem tekur kastið og markvörður sem ætlar að verja kastið ásamt dómurum heimild til að vera inni á þeim hluta leikvallarins sem vítakastkeppnin fer fram.

i) Ef í tilfellum þar sem leikmenn eru færri en 5, sem hafa heimild til þátttöku í leiknum, hefur lið heimild að tilnefna leikmenn í viðbótarkast í sömu umferð.

j) Ef enn er jafnt skal haldið áfram eins og lýst er í a-i þar til úrslit fást.

Í 5. og 6. flokki skal framhaldið vera sem hér segir ef jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma og skal leikið til þrautar :

1. Tekið leikhlé í 3 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
2. Leikið í 2x3 mín. með 1 mín. leikhléi, en skipt um vallarhelming.

Ef enn er jafnt.

3. Skal varpa hlutkesti, sem þjálfarar liða (starfsmenn A á skýrslu) skulu velja.

2.4. Boltastærðir

6. 7. og 8. fl. ka. og kv. stærð 0 45-48

5. flokkur karla og kvenna stærð 1 sbr. Leikreglur

4. flokkur karla og 4., unglingsflokkur og meistaraflokkur kvenna stærð 2 sbr. Leikreglur

3., 2. og meistaraflokkur karla stærð 3 sbr. leikreglur

4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:

Meistarafll. karla og kvenna, A og B liðum

1.flokki karla og kvenna,	A og B liðum
2.flokki karla,	A og B liðum.
Unglingaflokki karla og kvenna,	A og B liðum.
4.flokki karla og kvenna,	A og B liðum.

4.1.4. Þátttökugjöld:

Efstadeild karla	kr. 50.000,-
Efsta deild kvenna	kr. 30.000,-
Utandeild karla og kvenna	kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild)
2. deild kvenna	kr. 15.000,-
Mfl. B-lið	kr. 15.000,-
1.fl.karla	kr. 15.000,-
2. fl. karla	kr. 10.000,-
Ungl.fl karla	kr. 10.000,-
Ungl.fl kvenna	kr. 10.000,-
4. fl. karla	kr. 10.000,-
4. fl. Kvenna	kr. 10.000,-
Bikar mfl. Karla	kr. 7.000,-
Bikar mfl. Kvenna	kr. 7.000,-

Þátttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunnar. Ekki skal innheimt þátttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. karla og kvenna til og með 4. fl.karla og kvenna).

4.2.3. 2. flokkur karla:

4.2.3.1. Í 2. flokki karla skal leikið í einni deild, tveimur riðlum.

4.2.5. Keppni í 4.flokki karla og kvenna

- 4.2.5.1. **Keppt skal í A- og B- styrkleikaflokkum. Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið og fleiri en eitt B-lið. Ef þurfa þykir getur mótanefnd bætt við C-styrkleikaflokki. Fyrsta lið félags skal almennt teljast A- styrkleikaflokks (A-lið). Félag er þó heimilt að vera með fyrsta lið sem B-lið en félag verður að sækja um slíkt til mótanefndar. Markmiðið er að lið séu að keppa við jafningja sína.**

Leikið í tveimur deildum, 1. deild og 2. deild í hverjum styrkleika. Skal fjöldi deilda og umferða á Íslandsmóti miðaður við að fjöldi leikja sé um 20.

Hverju félagi er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni.

Leiktími í 4.flokki karla og kvenna skal vera 2*25 mín og leikhlé 7 mín.

Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils.

Leikið er í riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt miðað við 4 riðla Riðlar.

A	B	C	D
1	2	3	4
8	7	6	5
9	10	11	12
16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x20 mínútur og leikhlé 7 mínútur.

Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli.

Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera 2.000 kr á leik per lið.

- 4.2.5.2. **Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)**

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 8 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegara úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegara úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin leika um 3. sæti.

- 4.2.5.3. **Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í úrslitakeppninni.**

4.2.5.4. Leikheimildir

Ef tvö eða fleiri lið félags eru í sömu deild, er ekki heimilt að færa leikmenn á milli liða. Annars skulu lið félags í efri deild teljast A lið og lið í Neðri deild teljast B lið, þá á leikmaður sem lék síðasta leik með A liði ekki leika með B liði. Ekki má samt færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu.

4.2.5.5. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í 4 flokki karla og kvenna skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika í krossspili og til úrslita skv. gr. 4.2.4.2. Gjald þetta skal innheimt með þátttökugjöldum og taka sömu breytingum og kveðið er á um í gr. 3.1.11.

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

4.2.6.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Mót 1, 3 og 5 eru Íslandsmót og gefur útkoma úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 2 og 4 eru deildarmót og gefur útkoma úr þeim stig til deildarmeistaratitils.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

4.2.6.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í 5. og 6. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum, úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða, sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mót. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á

mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrir en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.6.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsgögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsgögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í riðla, leikjaplan og jafnvel krosstöflur auk eyðublaða fyrir liðsskýrslur og umsagnareyðublaði.

Þjálfarar þátttökuliða í mótum skulu fylla út umsögn um mót að því loknu á þar til gerðu eyðublaði, sem mótshaldari dreifir með mótsgögnum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mót.

Hafi félag eigi greitt mótagjöld fyrir fyrsta leik þess getur mótshaldari meinað því að keppa í mótinu.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

4.2.6.4. Niðurröðun móta.

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir í 6 flokki taki 30 mínútur en í 5. flokki 40 mínútur.

Raða skal Íslandsmóti eftir úrslitum næsta Íslandsmóts á undan og deildarmóti eftir næsta deildarmóti á undan. Fyrsta Íslandsmóti skal raða eftir úrslitum síðasta

Íslandsmóts næsta keppnistímabils á undan og fyrra deildarmóti skal raða eftir fyrsta Íslandsmóti keppnistímabilsins.

Í seinna deildarmóti skal miða við að tvö neðstu lið úr efri deild falli niður í næstu deild fyrir neðan en á móti tvö efstu úr neðri deild taki þeirra sæti í næstu deild fyrir ofan – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.

Eigi skulu vera færri lið en 4 í riðli og 5 í deild, þannig að öllum liðum séu tryggðir a.m.k. 3 leikir á mótinu.

Á Íslandsmóti skal keppa í riðlum, síðan í milliriðlum og loks skal leikið um sæti, ef fjöldi þátttökuliða býður upp á það.

Íslandsmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Riðlar:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B- eða Cliðriðill a	riðill b	riðill c	riðill d	leikir	
5	5			10	
6	6			15	
7	7			21	
8	4	4		16	
9	5	4		20	
10	5	5		24	
11	6	5		29	
12	6	6		34	
13	7	6		40	
14	7	7		46	
15	5	5	5	47	
16	4	4	4	4	36
17	5	4	4	4	40
18	5	5	4	4	44
19	5	5	5	4	48
20	5	5	5	5	52

Í riðla skal raða eftir úrslitum næsta Íslandsmóts á undan.

Ef riðlar eru 2 skal raða saman liðum þá skulu :

Riðill a Riðill b

sæti 1 sæti 2

sæti 4 sæti 3

lið 5 og 6 fara í sitthvorn riðil

lið 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Ef riðlar eru 3 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2 og 3 fara í sitthvorn riðil

lið 4, 5 og 6 fara í sitthvorn riðil
o.s.frv.

Ef riðlar eru 4 skal raða saman liðum þá skulu :
lið 1, 2, 3 og 4 fara í sitthvorn riðil
lið 5, 6, 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Í milliriðla skal raða á eftirfarandi hátt:

Ef 3 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 3 efstu lið úr hverjum riðli áfram (9 lið)
og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	a2
a3	b1
b2	b3
c1	c2
c3	

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Ef 4 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 2 efstu lið úr hverjum riðli áfram (8 lið)
og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	b1
a2	b2
d1	c1
d2	c2

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Í lokin skal leika um sæti:

efsta sæti í milliriðli keppir um 1. sæti

annað sæti í milliriðli keppir um 3. sæti

þriðja sæti í milliriðli keppir um 5. sæti

og fjórða sæti í milliriðli keppir um 7. sæti.

Leika skal úrslitaleiki um 1. sæti og 3. sæti á heilum velli og reyna að skapa skemmtilega umgjörð um þessa leiki.

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða Clið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Leikið skal til þrautar í hverri deild fyrir sig, engir milliriðlar, engir úrslitaleikir.

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.
- Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama

félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum velli (jafnvel á öðrum stað í bænum).

- Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.
- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.
- Reynt skal einnig að hafa mótislok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils eða deildarmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Ætíð skal leika um 8 efstu sæti.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í hvorri keppninni fyrir sig telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir

veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafn

marga leiki innbyrðis.

5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Í deildarkeppninni fá fyrst lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. og 6.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð í 5. og 6. flokki karla og kvenna.
- Notkun klísters er óheimil.

Eftirtalдар leikreglur gildi um leiki hjá 6. flokki karla og kvenna:

- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Markmið með slíkri undanþágu

er að lið séu að keppa við jafningja sína. Lendi lið með undanþágu í þremur af efstu sætum á mótí fær liðið verðlaunasætið, en jafnframt verður undanþágan dregin tilbaka og lið keppir í næsta flokki fyrir ofan á næsta mótí. Stig sem liðið hefur áunnið sér á undanþágutímabili færast ekki með liðinu á milli flokka.

Hvert lið má vera skipað allt að 14 leikmönnum.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju mótí. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Eftir 3. mótí í A-liðum og 4. mótí í B- og C-liðum má einungis færa menn þannig á milli liða (A, B og C):

- Þeir sem léku með A-liði í 3. mótí mega eingöngu leika með A-liði í 4. og 5. mótí.
- Þeir sem léku með B-liði í 4. mótí mega leika með A- eða B-liði í 5. mótí.
- Þeir sem léku með C-liði í 4. mótí mega leika með A-, B- eða C-liði í 5. mótí.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótíð. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því mótí. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

- Í 5. flokki, A- og B-liða skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.
- Í keppni C-liða í 5.flokki og í keppni A-, B-liða og C-liða í 6. flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.
- Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Í Íslandsmóti skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar). Í lok Íslandsmóts veitir HSÍ Íslandsmeisturum peninga og bikar.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir deildarmeistarabikar til þess liðs, sem hlýtur deildarmeistaratitil A-, B- og C-liða.

4.2.7. Mót í 7. flokki karla og kvenna:

4.2.7.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 3 sjálfstæð mót í 7.flokki

4.2.7.2. Úthlutun móta

Umsóknum um mótahald í 7. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem 7. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrir en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.7.6. Dómgæsla

- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í 7. flokki.

4.2.8. Keppni í 8. flokki

4.2.8.1. Mótafyrirkomulag

- Halda skal árlega eitt mót í 8.flokki

4.2.8.2. Úthlutun móta

Umsóknum um mótahald í 8. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

4.2.8.6. Dómgæsla

- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í 8. flokki.

5. Reglugerð um bikarkeppni HSÍ

5.1. Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistaraflokki karla og kvenna, 2. flokki karla, unglingsflokki karla og kvenna og 4. flokki karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.

10.2.2. Réttindi sem unglingsdómarar öðlast menn með prófi sem tekið er á heimasíðu HSÍ í fjarnámi. Til þess að ná unglingsdómararéttindum skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómarafni skal vera fullra 15 ára.

Dómarafni skal standast skriflegt próf og sýna fram á verklega kunnáttu hjá sínu félagsliði.

Sá sem hefur staðist próf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í aldursflokkum beggja kynja, frá og með 7. flokki og til og með 5. flokki, hvar sem er á landinu.

10.2.3. Sem A-stigs dómari öðlast menn með prófi, sem tekið er á heimasíðu HSÍ. Til þess að ná réttindum sem A-stigs dómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómarafni skal vera 17 ára og miða skal við almanaksárið.

Dómarafni skal standast þrjúþætt próf, skriflegt og sýna fram á verklega kunnáttu hjá sínu félagsliði. Sækja námskeið á vegum dómaranefndar.

Sá sem hefur staðist A-stigs próf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og 2. flokki karla, hvar sem er á landinu. Þó skulu A-stigsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í unglingsflokki karla og kvenna.

Dómaranefnd er heimilt að víkja frá aldursmörkum, sýni viðkomandi sérstaka kunnáttu og hæfni til dómgæslu.

10.2.7. Allir landsdómarar skulu gangast undir skrifleg og líkamleg próf fyrir upphaf hvers keppnistímabils, aftur í desember, í janúar og fyrir úrslitakeppni ár hvert. Prófin skulu vera í samræmi við próf EHF/IHF, eins og þau eru á hverjum tíma. Landsdómurum sem dæma í deildum, er ekki heimilt að leika handknattleik með liðum í 1. og 2. deild karla og kvenna, þó er þeim heimilt að spila með 1. flokki fyrir það félag, sem þeir eru skráðir hjá sem dómarar. Landsdómurum, sem dæma í deildum er einnig óheimilt að þjálfa lið eða flokka í handknattleik,

undantekning er þó þjálfun í 5.,6. og 7. flokki karla og kvenna hjá því félagi, sem dómari er skráður hjá.

10.2.11. Skylt er að hafa dómara með réttindi á öllum opinberum leikjum.

Dómurum er ekki heimilt að dæma leiki þess félags þar sem þeir eru skráðir hjá í efstu deildum mfl. karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. flokki karla eða í 4. liða úrslitum yngri flokka með þeirri undantekningu sem getið er í 10.2.8.

Dómarar í úrslitakeppni A- meistara, unglingsflokks karla og kvenna og 4. flokks karla og kvenna skulu vera með landsdómararéttindi.

Dómaranefnd HSÍ raðar dómurum á alla leiki í efstu deildum karla og kvenna, 1.deild mfl. karla og kvenna 2. deild mfl. karla, 2. flokki karla, á undanúrslit og úrslitaleiki í unglingsflokki karla og kvenna og 4. flokki karla og kvenna bæði í Bikarkeppnin HSÍ og Íslandsmóti HSÍ.

Dómarar skulu vera mættir á leikstað, á þá leiki sem dómaranefnd HSÍ raðar á, 45 mínútum áður en leikur á að hefjast. Viðkomandi heimalið skal hafa samband við dómaranefnd/starfsmann HSÍ ef dómarar eru ekki mættir 30 mínútum áður en leikur á að hefjast.

16.6. Verkefni mótanefndar eru:

h. mótanefnd skal útbúa úttekarblað sem að fram fer úttekt á mótum sem úthlutað er í 5. – 6. flokki. Blaðinu verði dreift á þjálfarana og þeir gefi mótinu umsögn. Í lok hvers móts skili þjálfarinn þeim til mótstjóra og kemur hann þeim til HSÍ ásamt leikskýrslum. Síðan verður mótum gefin umsögn og gildir það við næstu úthlutun. Mótanefnd notar umsögnina ásamt öðrum upplýsingum um mótshaldið við úthlutun móta næsta ár. Skal þar einnig taka tillit til fjölda þátttökuliða í 5. og 6. flokki sem lið sendu í keppni síðasta ár.

16.7. Mótanefnd skal hafa gott eftirlit með lokamótum og úrslitakeppnum í yngri flokkum, þ.e. 2., unglingsflokki og 4. flokki þar sem því verður við komið og nauðsynlegt er að mati mótanefndar.

Verður

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur: _____ Karlar: _____ Konur: _____

Meistaraflokkur 21 árs og eldri 20 ára og eldri

1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
Ungmennaflokkur		18, 19 og 20 ára
Unglingaflokkur	16 og 17 ára	16 ára til 19 ára
10. flokkur	15 ára	15 ára
9. flokkur	14 ára	14 ára
8. flokkur	13 ára	13 ára
7. flokkur	12 ára	12 ára
6. flokkur	11 ára	11 ára
5. flokkur	10 ára	10 ára
Barnaflokkur	8 og 9 ára	8 og 9 ára
Byrjendaflokkur	7 ára og yngri	7 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með **byrjendaflokki** til og með **ungmennaflokks**. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.).

2.1.5. Í **5. - 8.** flokki karla og kvenna og í **barma- og byrjendaflokki** karla og kvenna er heimilt að hafa **12** leikmenn á skýrslu.

2.1.12. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:	leiktími:	leikhlé:
Mfl. A	2x30 mín.	10 mín
Mfl. B	2x30 ”	10 “
1.flokkur	2x20 “	7 “
Ungmennaflokkur	2x30 “	10 “
Unglingaflokkur	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
10.flokkur	2x25 “	7 “

9.flokkur	2x25 “	7 “
8.flokkur	2x15 “	5 “
7.flokkur	2x15 “	5 “
6.flokkur	2x10 “	3 “
5.flokkur	2x10 “	3 “
Barnaflokkur	2x10 “	3 “
Byrjendaflokkur	2x10 “	3 “

2.3.2. Vinningsröð liða i keppnum á vegum HSÍ ákvarðast á eftirfarandi hátt.

Raða skal liðum til úrslita eftir keppni í riðlum, milliriðlum og deildum, þar sem ekki skal leikið til þrautar, í öllum flokkum, sem hér segir:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.

Unninn leikur	2 stig
Jafntefli	1 stig
Tapaður leikur	0 stig

2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.

3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.

4. Fleiri skorud mörk í innbyrðis leikjum.

5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.

6. Fleiri skorud mörk úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.

7. Hlutkesti.

Þegar leikið skal til þrautar og jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma skal í **9. flokki** til og með meistaraflokki :

1. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.

2. Leikið í 2x5 mínútur með 1 mínútu leikhléi. Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal:

3. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.

4. Leikið í 2x5 mínútur með 1 mínútu leikhléi, Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal :

5. Vítakastkeppni.

a) Hvort lið tilnefnir 5 leikmenn sem höfðu leikheimild í lok síðari framlengingar. Afhenda skal lista með númerum 5 leikmanna. Hver hinna tilnefndu leikmanna skal taka eitt kast til skiptis við mótherjanna. Liðin ákveða sjálf röð kastara.

b) Markverði má velja frjálst og skipta þeim út í samræmi við leikreglur. Markverðir mega taka stöðu útileikmanna og útileikmenn mega taka stöðu markvarða.

c) Dómarar velja mark sem skal nota. Dómarar draga um það hvort lið byrjar. Það lið sem vinnur dráttinn hefur rétt á því að velja hvort það byrjar eða endar.

d) Ef leikur er enn jafn eftir fyrstu umferð vítakastkeppinnar skal vítakastkeppnin endurtekin þar til niðurstaða fæst. Lið það sem ekki hóf vítakastkeppnina byrjar. Í þessari umferð verður að tilnefna að nýju 5 leikmenn í hvoru liði (þeir leikmenn sem þegar hafa tekið þátt í vítakastkeppninni geta verið tilnefndir aftur)

e) Úrslit eru fengin ef markamunur er eftir að bæði lið hafa lokið annarri umferðinni.

f) Leikmenn og markverðir sem hafa leikheimild eru þeir leikmenn á leikskýrslu, sem ekki voru útilokaðir, brottviknir eða brottvísaðir, þegar flautað var til loka seinni framlengingar.

g) Alvarleg brot sem eiga sér stað á meðan á vítakastkeppninni stendur skal refsað með útilokun í öllum tilvikum. Ef að leikmaður eða markvörður er útilokaður eða meiðist skal tilnefna nýjan leikmann/markvörð.

h) Á meðan að köst eru tekin hafa aðeins leikmaður sem tekur kastið og markvörður sem ætlar að verja kastið ásamt dómurum heimild til að vera inni á þeim hluta leikvallarins sem vítakastkeppnin fer fram.

i) Ef í tilfellum þar sem leikmenn eru færri en 5, sem hafa heimild til þátttöku í leiknum, hefur lið heimild að tilnefna leikmenn í viðbótarkast í sömu umferð.

j) Ef enn er jafnt skal haldið áfram eins og lýst er í a-i þar til úrslit fást.

Í **5. – 8.** flokki skal framhaldið vera sem hér segir ef jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma og skal leikið til þrautar :

1. Tekið leikhlé í 3 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.

2. Leikið í 2x3 mín. með 1 mín. leikhléi, en skipt um vallarhelming.

Ef enn er jafnt.

3. Skal varpa hlutkesti, sem þjálfarar liða (starfsmenn A á skýrslu) skulu velja.

2.4. Boltastærðir

5.-6. flokkur, barnaflokkur og byrjendaflokkur stærð 0 45-48

7.-8. flokkur stærð 1 sbr. Leikreglur

9.-10.flokkur karla og kvenna, unglíngaflokkur og meistaraflokkur kvenna stærð 2 sbr. Leikreglur

Unglíngaflokkur, ungmennaflokkur og meistaraflokkur karla stærð 3 sbr. leikreglur

4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:

Meistarafll. karla og kvenna, A og B liðum

1.flokki karla og kvenna, A og B liðum

ungmennaflokki karla, **A liðum.**

Unglingaflokki karla og kvenna, **A liðum**

10. flokki karla og kvenna, A liðum

9. flokki karla og kvenna, A liðum

4.1.4. Þátttökugjöld:

Efstadeild karla	kr. 50.000,-
Efsta deild kvenna	kr. 30.000,-
Utandeild karla og kvenna	kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild)
2. deild kvenna	kr. 15.000,-
Mfl. B-lið	kr. 15.000,-
1.fl.karla	kr. 15.000,-
Ungmennaf. karla	kr. 10.000,-
Ungl.fl karla	kr. 10.000,-
Ungl.fl kvenna	kr. 10.000,-
10. fl. karla	kr. 10.000,-
10. fl. Kvenna	kr. 10.000,-
9. fl. karla	kr. 10.000,-
9. fl. Kvenna	kr. 10.000,-
Bikar mfl. Karla	kr. 7.000,-
Bikar mfl. Kvenna	kr. 7.000,-

Þátttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunar. Ekki skal innheimt þátttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. karla og kvenna til og með 4. fl.karla og kvenna).

4.2.3. Ungmennaflokkur karla:

4.2.3.1. Í ungmennaflokki karla skal leikið í einni deild, tveimur riðlum.

4.2.5. **Keppni í 9. - 10. flokki karla og kvenna**

4.2.5.1. Í 9-10. flokki karla og kvenna skal leikið í deildum. **Skal fjöldi deilda og umferða á Íslandsmóti miðaður við að fjöldi leikja sé um 20.**

Hverju félagi er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni.

4.2.5.4. **Ferðajöfnunarsjóður:**

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í 9. - 10. flokki karla og kvenna skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika í krosspili og til úrslita skv. gr. 4.2.4.2. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og taka sömu breytingum og kveðið er á um í gr. 3.1.11.

4.2.6. **Reglur um mótahald í 5. - 8. flokki á vegum HSÍ.**

4.2.6.1. **Mótafyrirkomulag**

Halda skal árlega 5 mót í **hverjum** flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Mót 1, 2, 4 og 5 eru deildarmót og gefur útkoma úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 3 eru deildarbikarmót og gefur útkoma úr þeim stig til deildarbikarmeistaratitils.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í **5. - 8. flokki.**

Tímabilið 2007-2008 skal 1.mót vera niðurröðunarmót og gefur því ekki stig til Íslandsmeistara.

4.2.6.2. **Úthlutun móta**

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í **5. - 8. flokki.** skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum, úthlutun byggist m.a. á fjölda þáttökuliða, sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mót. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að

öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem **5. - 8.** flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.6.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsgögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsgögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í riðla, leikjaplan og jafnvel krosstöflur auk eyðublaða fyrir liðsskýrslur og umsagnareyðublaði.

Þjálfarar þátttökuliða í mótum skulu fylla út umsögn um mót að því loknu á þar til gerðu eyðublaði, sem mótshaldari dreifir með mótsgögnum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mót.

Hafi félag eigi greitt mótagjöld fyrir fyrsta leik þess getur mótshaldari meinað því að keppa í mótinu.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

4.2.6.4. Niðurröðun móta.

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir í **5.–6.** flokki taki 30 mínútur en í **7.-8.** flokki 40 mínútur.

Raða skal deildarmóti eftir úrslitum næsta deildarmóts á undan og deildarbikarmóti eftir næsta deildarmóti á undan. Fyrsta **deildarmóti** skal raða eftir úrslitum síðasta **deildarmóti** næsta keppnistímabils á undan í **sama árgangi**.

Í **deildarmóti** skal miða við að tvö neðstu lið úr efri deild falli niður í næstu deild fyrir neðan en á móti tvö efstu úr neðri deild taki þeirra sæti í næstu deild fyrir ofan – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.

Eigi skulu vera færri lið en 4 í riðli og **4** í deild, þannig að öllum liðum séu tryggðir a.m.k. **4** leikir á mótinu. **Ef það eru 4 lið í deild þá skal leikin tvöföld umferð. Ekki skulu vera fleiri en 7 lið í deild.**

Á **deildarbikarmóti** skal keppa í riðlum, síðan í milliriðlum og loks skal leikið um sæti, ef fjöldi þátttökuliða býður upp á það.

Deildarbikarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Riðlar:

Fjöldi liða

Í keppni

Lið	riðill a	riðill b	riðill c	riðill d	leikir
5	5				10
6	6				15
7	7				21
8	4	4			16
9	5	4			20
10	5	5			24
11	6	5			29
12	6	6			34
13	7	6			40
14	7	7			46
15	5	5	5		47
16	4	4	4	4	36
17	5	4	4	4	40
18	5	5	4	4	44
19	5	5	5	4	48
20	5	5	5	5	52

Í riðla skal raða eftir úrslitum næsta **deildarmóts** á undan.

Ef riðlar eru 2 skal raða saman liðum þá skulu :

Riðill a	Riðill b
sæti 1	sæti 2
sæti 4	sæti 3

lið 5 og 6 fara í sitthvorn riðil
lið 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Ef riðlar eru 3 skal raða saman liðum þá skulu :
lið 1, 2 og 3 fara í sitthvorn riðil
lið 4, 5 og 6 fara í sitthvorn riðil
o.s.frv.

Ef riðlar eru 4 skal raða saman liðum þá skulu :
lið 1, 2, 3 og 4 fara í sitthvorn riðil
lið 5, 6, 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Í milliriðla skal raða á eftirfarandi hátt:

Ef 3 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 3 efstu lið úr hverjum riðli áfram (9 lið)
og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	a2
a3	b1
b2	b3
c1	c2
c3	

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Ef 4 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 2 efstu lið úr hverjum riðli áfram (8 lið)
og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	b1
a2	b2
d1	c1
d2	c2

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Í lokin skal leika um sæti:

efsta sæti í milliriðli keppir um 1. sæti

annað sæti í milliriðli keppir um 3. sæti

þriðja sæti í milliriðli keppir um 5. sæti

og fjórða sæti í milliriðli keppir um 7. sæti.

Leika skal úrslitaleiki um 1. sæti og 3. sæti á heilum velli og reyna að skapa skemmtilega umgjörð um þessa leiki.

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

Lið	1 deild	2 deild	3 deild	fjöldi leikja
5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		22
9	5	4		24
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	7	7		42
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Leikið skal til þrautar í hverri deild fyrir sig, engir milliriðlar, engir úrslitaleikir.

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.

- Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum vellingum (jafnvel á öðrum stað í bænum).
- Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.
- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.
- Reynt skal einnig að hafa mótslok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í hvorri keppninni fyrir sig telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafn

marga leiki innbyrðis.

5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Í deildarkeppninni fá fyrst lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. - 8.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð í 5. - 8. flokki karla og kvenna.
- Notkun klísters er óheimil.

Eftirtaldar leikreglur gildi um leiki hjá 5.-6. flokki karla og kvenna:

- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá í 5.-6.flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju móti. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um

mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

- Í **7.-8.** flokki, skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.
- Í keppni í **5.-6.** flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.
- Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Í **deilarbikarmóti** skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti, (gull, silfur og brons) 15 peningar á lið alls (**45 peningar, 15 gull, 15 silfur og 15 brons**) og bikar fyrir efsta sæti í A og B liðum.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. **HSÍ veitir Íslandsmeistaratitil til þess liðs, sem hlýtur flest stig yfir veturinn.**

4.2.7. Mót í barnaflokki karla og kvenna:

4.2.7.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 3 sjálfstæð mót í barnaflokki

4.2.7.2. Úthlutun móta

Umsóknum um mótahald í barnaflokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem barnaflokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrir en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.7.6. Dómgæsla

- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í barnaflokki.

4.2.8. Keppni í **byrjendaflokki**

4.2.8.1. Mótafyrirkomulag

- Halda skal árlega eitt mót í **byrjendaflokki**

4.2.8.2. Úthlutun móta

Umsóknum um mótahald í **byrjendaflokki** skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

4.2.8.6. Dómgæsla

- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í **byrjendaflokki**.

5.1. Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistaraflokki karla og kvenna , **ungmennaflokki** karla, unglingsflokki karla og kvenna og **9-10. flokki** karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.

10.2.2. Sá sem hefur staðist próf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í aldursflokkum beggja kynja, frá og með **barnaflokki** og til og með **8. flokki**, hvar sem er á landinu.

10.2.3. Sá sem hefur staðist A-stigs próf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og **ungmennaflokki** karla, hvar sem er á landinu. Þó skulu A-stigsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í unglingsflokki karla og kvenna.

10.2.7. Allir landsdómarar skulu gangast undir skrifleg og líkamleg próf fyrir upphaf hvers keppnistímabils, aftur í desember, í janúar og fyrir úrslitakeppni ár hvert. Prófin skulu vera í samræmi við próf EHF/IHF, eins og þau eru á hverjum tíma. Landsdómurum sem dæma í deildum, er ekki heimilt að leika handknattleik með liðum í 1. og 2. deild karla og kvenna, þó er þeim heimilt að spila með 1. flokki fyrir það félag, sem þeir eru skráðir hjá sem dómarar. Landsdómurum, sem dæma í deildum er einnig óheimilt að þjálfa lið eða flokka í handknattleik, undantekning er þó þjálfun í **8 flokki og yngra** því félagi, sem dómari er skráður hjá.

10.2.11. Skylt er að hafa dómara með réttindi á öllum opinberum leikjum.

Dómurum er ekki heimilt að dæma leiki þess félags þar sem þeir eru skráðir hjá í efstu deildum mfl. karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, **Ungmennaflokki** karla eða í 4. liða úrslitum yngri flokka með þeirri undantekningu sem getið er í 10.2.8.

Dómarar í úrslitakeppni A- meistara, unglingsflokks karla og kvenna og **9-10.** flokks karla og kvenna skulu vera með landsdómararéttindi.

Dómaranefnd HSÍ raðar dómurum á alla leiki í efstu deildum karla og kvenna, 1.deild mfl. karla og kvenna 2. deild mfl. karla, **ungmennaflokki** karla, á undanúrslit og úrslitaleiki í unglingsflokki karla og kvenna og **9-10.** flokki karla og kvenna bæði í Bikarkeppnin HSÍ og Íslandsmóti HSÍ.

16.6. Verkefni mótanefndar eru:

h. mótanefnd skal útbúa úttekarblað sem að fram fer úttekt á mótum sem úthlutað er í **5. – 8.** flokki. Blaðinu verði dreift á þjálfarana og þeir gefi mótinu umsögn. Í lok hvers móts skili þjálfarinn þeim til mótstjóra og kemur hann þeim til HSÍ ásamt leikskýrslum. Síðan verður mótum gefin umsögn og gildir það við næstu úthlutun. Mótanefnd notar umsögnina ásamt öðrum upplýsingum um mótshaldið við úthlutun móta næsta ár. Skal þar einnig taka tillit til fjölda þátttökuliða í **5. - 8.** flokki sem lið sendu í keppni síðasta ár.

16.7. Mótanefnd skal hafa gott eftirlit með lokamótum og úrslitakeppnum í yngri flokkum, þ.e. **Ungmennaflokki karla**, unglingsflokki, **10. flokki og 9.flokki** þar sem því verður við komið og nauðsynlegt er að mati mótanefndar.

Greinargerð:

Kostir og gallar á breytingartillögu KA á mótahaldi yngri flokka

Breytingartillögurnar ná yfir núverandi 4.fl., 5.fl. og 6.fl.
(skv.tillögunni verða það 5.fl.-10.fl., eftir bekkjum í skóla)

Kostir:

- Allir flokkar leika eftir eins fyrirkomulagi þ.e. deildarkeppni. (Núverandi fyrirkomulag er þannig að foreldrar, börnin og utanaðkomandi skilja ekki muninn milli 5.-6.fl. og þeirra sem eru eldri en 4.fl.)
- Nú minnka mótin og taka minni tíma frá öðru í húsunum og það þarf færri starfsmenn og dómara og geta auðveldlega klárast á laugardegi og sunnudegi. (Mótin í 5.flokki og jafnvel 6.fl. eru orðin alltof stór og sum smærri félög geta ekki haldið þau. Nú geta fleiri komið að mótahaldi.)
- Allir fá nokkurn veginn jafn marga leiki á hverju móti (núna eru menn að fá 3-8 leiki á móti eftir því hve góðir þeir eru, þeir betri fá fleiri leiki.)
- Fleiri leikir verða jafnir því verið er að keppa á móti liðum af svipaðri getu.
- Engin flokkun í A, B, og C-lið, heldur bara lið 1 og 2 o.s.frv. (Þarna má besta liðið alveg eins heita nr.3, t.d. KA 3 gæti verið besta lið félagsins í flokknum)
- Aðeins einn árgangur í hverri keppni þýðir að alltaf er verið að spila á móti jafnöldrum og yngra árs vandinn er ekki til staðar. (Í dag eru mannmörg lið jafnvel með C-lið af eldra ári þegar fámennari liðin eru með B-lið af yngra ári.

Þegar menn verða eldri t.d. í 4.fl. er yngra árið oft „bara“ B-lið. Nú í ár er KA deildarmeistari í 4.fl.kvenna B-lið, hvað þýðir það ?)

- Mun betri möguleiki á að halda saman hópi, meiri möguleiki á fjölgun því nú er ekki þetta vandamál að vera á yngra ári. (Þó geta góðir einstaklingar spilað uppfyrir sig en líka leikið með sínum árgangi sem er ekki hægt með góðu móti núna nema annað hvert ár. Fyrir minni lið þar sem fáir eru í flokki ætti þetta að vera ennþá betra því þá geta menn spilað með sínum flokki og líka næsta flokki fyrir ofan ef ekki er til nægur fjöldi, þ.e. spilað við jafningja og líka stutt eldri árgang. Þetta er ekki hægt núna nema annað hvert ár í dag.)
- Bara einn árgangur þýðir að ekki þarf að leika niðurröðunarmót á hverju hausti. (Þau er bæði vond vegna þessa að þau draga í dilka strax að hausti og ef besti leikmaður er t.d. meiddur getur það skemmt heilt tímabil og einnig þýðir það að raunverulegt Íslandsmót hefst ekki fyrr en í nóvember. Auk þess sýndi sig í 4.fl.kvenna í vetur að lið gera verið heppin og óheppin með niðurröðun og það skemmt veturinn.)
- Ekki þarf að hugsa um undanþágu- og gestaliðsregluna.

Gallar:

- Einu gallarnir sem ég hef heyrt eru þeir að þjálfarar hafi meira að gera þ.e. að þeir sem t.d þjálfuðu 5.fl.þurfi nú að fara 2 helgar í röð á mót. (Ég bendi á að mótin eru mun minni og spyr hvort við séum að hugsa um krakkana eða þjálfarana ?)

Samþykkt var að vísa þingskjali 30 til Laga- og reglanefndar.

Útprentuð breytingartillaga lá þegar fyrir á þingskjali 30.1

Erlingur KA tók til máls. Mál fór upphaflega til millipinganevndar og helmingur breytingatillagna varð úr. Mótafyrirkomulagi yrði breytt en ekki aldursskiptingu.



**50. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
18. apríl 2007
Þingskjal nr: 30-01**

Tillaga um 4.-6. flokk karla og kvenna
Flutningsaðili: HSÍ

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

4.2.6.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Mót 1, 3 og 5 eru Íslandsmót og gefur útkoma úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 2 og 4 eru deildarmót og gefur útkoma úr þeim stig til deildarmeistaratitils.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

4.2.6.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í 5. og 6. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum, úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða, sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mót. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótisdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrir en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.6.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfræst, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla

leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsgögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsgögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í riðla, leikjaplan og jafnvel krosstöflur auk eyðublaða fyrir liðsskýrslur og umsagnareyðublaði.

Þjálfarar þátttökuliða í mótum skulu fylla út umsögn um mót að því loknu á þar til gerðu eyðublaði, sem mótshaldari dreifir með mótsgögnum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mót.

Hafi félag eigi greitt mótagjöld fyrir fyrsta leik þess getur mótshaldari meinað því að keppa í mótinu.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

4.2.6.4. Niðurröðun móta.

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir í 6 flokki taki 30 mínútur en í 5. flokki 40 mínútur.

Raða skal Íslandsmóti eftir úrslitum næsta Íslandsmóts á undan og deildarmóti eftir næsta deildarmóti á undan. Fyrsta Íslandsmóti skal raða eftir úrslitum síðasta Íslandsmóts næsta keppnistímabils á undan og fyrra deildarmóti skal raða eftir fyrsta Íslandsmóti keppnistímabilsins.

Í seinna deildarmóti skal miða við að tvö neðstu lið úr efri deild falli niður í næstu deild fyrir neðan en á móti tvö efstu úr neðri deild taki þeirra sæti í næstu deild fyrir ofan – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.

Eigi skulu vera færri lið en 4 í riðli og 5 í deild, þannig að öllum liðum séu tryggðir a.m.k. 3 leikir á mótinu.

Á Íslandsmóti skal keppa í riðlum, síðan í milliriðlum og loks skal leikið um sæti, ef fjöldi þátttökuliða býður upp á það.

Íslandsmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Riðlar:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B- eða	liðriðill a	riðill b	riðill c	riðill d	leikir
5	5				10
6	6				15
7	7				21
8	4	4			16
9	5	4			20
10	5	5			24
11	6	5			29
12	6	6			34
13	7	6			40
14	7	7			46
15	5	5	5		47
16	4	4	4	4	36
17	5	4	4	4	40
18	5	5	4	4	44
19	5	5	5	4	48
20	5	5	5	5	52

Í riðla skal raða eftir úrslitum næsta Íslandsmóts á undan.

Ef riðlar eru 2 skal raða saman liðum þá skulu :

Riðill a Riðill b

sæti 1 sæti 2

sæti 4 sæti 3

lið 5 og 6 fara í sitthvorn riðil

lið 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Ef riðlar eru 3 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2 og 3 fara í sitthvorn riðil

lið 4, 5 og 6 fara í sitthvorn riðil

o.s.frv.

Ef riðlar eru 4 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2, 3 og 4 fara í sitthvorn riðil

lið 5, 6, 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Í milliriðla skal raða á eftirfarandi hátt:

Ef 3 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 3 efstu lið úr hverjum riðli áfram (9 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1

Milliriðill 2

a1	a2
a3	b1
b2	b3
c1	c2
c3	

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Ef 4 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 2 efstu lið úr hverjum riðli áfram (8 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	b1
a2	b2
d1	c1
d2	c2

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Í lokin skal leika um sæti:

efsta sæti í milliriðli keppir um 1. sæti

annað sæti í milliriðli keppir um 3. sæti

þriðja sæti í milliriðli keppir um 5. sæti

og fjórða sæti í milliriðli keppir um 7. sæti.

Leika skal úrslitaleiki um 1. sæti og 3. sæti á heilum velli og reyna að skapa skemmtilega umgjörð um þessa leiki.

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Leikið skal til þrautar í hverri deild fyrir sig, engir milliriðlar, engir úrslitaleikir.

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.
- Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum veltinum (jafnvel á öðrum stað í bænum).
- Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.
- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.
- Reynt skal einnig að hafa mótslok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils eða deildarmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Ætíð skal leika um 8 efstu sæti.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í hvorri keppninni fyrir sig telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir
veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafn
marga leiki innbyrðis.
5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Í deildarkeppninni fá fyrst lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. og 6.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð í 5. og 6. flokki karla og kvenna.
- Notkun klísturs er óheimil.

Eftirtalдар leikreglur gildi um leiki hjá 6. flokki karla og kvenna:

- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Markmið með slíkri undanþágu er að lið séu að keppa við jafningja sína. Lendi lið með undanþágu í þremur af efstu sætum á mótí fær liðið verðlaunasætið, en jafnframt verður undanþágan dregin tilbaka og lið keppir í næsta flokki fyrir ofan á næsta mótí. Stig sem liðið hefur áunnið sér á undanþágutímabili færast ekki með liðinu á milli flokka.

Hvert lið má vera skipað allt að 14 leikmönnum.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju mótí. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Eftir 3. mót í A-liðum og 4. mót í B- og C-liðum má einungis færa menn þannig á milli liða (A, B og C):

- Þeir sem léku með A-liði í 3. móti mega eingöngu leika með A-liði í 4. og 5. móti.

- Þeir sem léku með B-liði í 4. móti mega leika með A- eða B-liði í 5. móti.

- Þeir sem léku með C-liði í 4. móti mega leika með A-, B- eða C-liði í 5. móti.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

- Í 5. flokki, A- og B-liða skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.
- Í keppni C-liða í 5.flokki og í keppni A-, B-liða og C-liða í 6. flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.
- Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Í Íslandsmóti skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar). Í lok Íslandsmóts veitir HSÍ Íslandsmeisturum peninga og bikar.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir deildarmeistarabikar til þess liðs, sem hlýtur deildarmeistaratitil A-, B- og C-liða.

Verður

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

4.2.6.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Mót 1 er niðurröðunarmót og skal leikast eftir deildarbikarmóts fyrirkomulaginu. Útkoman úr mótinu gefur stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 2, 4 og 5 eru deildarmót og gefur útkoma úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 3 er deildarbikarmót og er sigurvegari í því Deildarbikarmeistari.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

4.2.6.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í 5. og 6. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum, úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða, sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mót. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótisdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrir en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.6.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á

leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mót.

Hafi félag eigi greitt mótagjöld fyrir fyrsta leik þess getur mótshaldari meinað því að keppa í mótinu.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

4.2.6.4. Niðurröðun móta.

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir í 6 flokki taki 30 mínútur en í 5. flokki 40 mínútur.

Raða skal deildarmóti eftir úrslitum næsta deildarmóts á undan og deildarbikarmóti eftir næsta deildarmóti á undan. **Í niðurröðunarmót er dregið í riðla af handahófi og skal mótanefnd HSÍ annast dráttinn.**

Í **deildarmóti** skal miða við að tvö neðstu lið úr efri deild falli niður í næstu deild fyrir neðan en á móti tvö efstu úr neðri deild taki þeirra sæti í næstu deild fyrir ofan – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.

Eigi skulu vera færri lið en 4 í riðli og 4 í deild, þannig að öllum liðum séu tryggðir a.m.k. 4 leikir á mótinu. **Ef það eru 4 lið í deild þá skal leikin tvöföld umferð. Ekki skulu vera fleiri en 7 lið í deild.**

Á **deildarbikarmóti** skal keppa í riðlum, síðan í milliriðlum og loks skal leikið um sæti, ef fjöldi þátttökuliða býður upp á það.

Deildarbikarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Riðlar:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B- eða Cliðriðill a riðill b riðill c riðill d leikir

5	5				10
6	6				15
7	7				21
8	4	4			16
9	5	4			20
10	5	5			24
11	6	5			29
12	6	6			34
13	7	6			40
14	7	7			46
15	5	5	5		47
16	6	5	5		35
17	6	6	5		40
18	6	6	6		45
19	7	6	6		51
20	5	5	5	5	52

Í riðla skal raða eftir úrslitum næsta **deildarmóts** á undan.

Ef riðlar eru 2 skal raða saman liðum þá skulu :

Riðill a	Riðill b
sæti 1	sæti 2
sæti 4	sæti 3

lið 5 og 6 fara í sitthvorn riðil

lið 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Ef riðlar eru 3 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2 og 3 fara í sitthvorn riðil

lið 4, 5 og 6 fara í sitthvorn riðil

o.s.frv.

Ef riðlar eru 4 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2, 3 og 4 fara í sitthvorn riðil

lið 5, 6, 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Þar sem 2 riðlar eru þá skal leika krossspil milli 2 efstu liðanna úr hvorum riðli. Sigurvegarar úr þeim leikjum fara í leik um 1.sæti en þeir sem tapa í leik 3.sæti.

Í milliriðla skal raða á eftirfarandi hátt:

Ef 3 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 3 efstu lið úr hverjum riðli áfram (9 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
---------------	---------------

a1	a2
a3	b1
b2	b3
c1	c2
c3	

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Ef 4 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 2 efstu lið úr hverjum riðli áfram (8 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	b1
a2	b2
d1	c1
d2	c2

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Í lokin skal leika um sæti:

efsta sæti í milliriðli keppir um 1. sæti

annað sæti í milliriðli keppir um 3. sæti

þriðja sæti í milliriðli keppir um 5. sæti

og fjórða sæti í milliriðli keppir um 7. sæti.

Leika skal úrslitaleiki um 1. sæti og 3. sæti á heilum velli og reyna að skapa skemmtilega umgjörð um þessa leiki.

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		24
9	5	4		22
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	7	7		42
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Leikið skal til þrautar í hverri deild fyrir sig, engir milliriðlar, engir úrslitaleikir.

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.
- Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum veltinum (jafnvel á öðrum stað í bænum).
- Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.
- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.
- Reynt skal einnig að hafa mótslok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis.
5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Í deildarkeppninni fá fyrst lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. og 6.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð í 5. og 6. flokki karla og kvenna.
- Notkun klísturs er óheimil.

Eftirtaldir leikreglur gildi um leiki hjá 6. flokki karla og kvenna:

- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið. **Þegar nýtt lið kemur inn í deildarkeppni á miðju keppnistímabili hefur það leik í neðstu deild. Á það einnig við um þegar lið missir úr eitt deildarmót.**

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Markmið með slíkri undanþágu er að lið séu að keppa við jafningja sína. Lendi lið með undanþágu í þremur af efstu sætum á mótí fær liðið verðlaunasætið, en jafnframt verður undanþágan dregin tilbaka og lið keppir í næsta flokki fyrir ofan á næsta mótí. Stig sem liðið hefur áunnið sér á undanþágutímabili færast ekki með liðinu á milli flokka.

Hvert lið má vera skipað allt að **12** leikmönnum.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju mótí. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

- Í 5. flokki, A- og B-liða skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.
- Í keppni C-liða í 5.flokki og í keppni A- , B-liða og C-liða í 6. flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.
- Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Í **deilarbikarmóti** skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar).

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. **HSÍ veitir Íslandsmeistaratitil til þess liðs, sem hlýtur flest stig yfir veturinn í A, B og C-liðum. (Bikar og medalíur, gull, silfur og brons).**

Skjali 30.1 hafði þegar verið dreift á þinginu.

Nefnd lagði til að þingskjal 30.1 yrði samþykkt með smávægilegri orðalagsbreytingu, úr orðinu “mót” í “deildarmót”, í lið 4.2.6.7.

Ábending kom frá Má Víkingi, að hann teldi réttast að setja orðið “deildarkeppni” í staðinn, og bað um að vera leiðréttur ef hann væri að misskilja. Ábending var hrakin í ljósi þess að hver deildarkeppni byggist á einu deildarmóti.

Þingskjal 30.1 var samþykkt samhljóða.

13. Ákvörðun þáttökugjalda í Íslands- og Bikarmótum næsta keppnistímabil

Stjórn HSÍ lagði til að gjöldin væru höfð óbreytt.

Samþykkt var samhljóða að hafa óbreytt gjöld.

14. Önnur mál

Guðmundur Ingvarsson formaður HSÍ tók til máls. Hann taldi að það væri við hæfi að tilnefna fyrsta heiðursformann HSÍ á 50 ára afmælisári hreyfingarinnar, sem er núna í ár. Þá væri árhátíðin, sem halda á 16. júní nk., rakinn vettvangur til. Þar með mæltist hann til þess að þingið framseldi vald sitt til að tilnefna heiðursformanninn, yfir til stjórnar HSÍ, þar eð ekki lá fyrir tillaga á þinginu um neinn slíkan.

Beiðni formanns var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ragnheiður hjá Fjölni.

Margir ungir og áhugasamir þjálfarar hafa verið að skrá sig á þjálfaranámskeið HSÍ, en svo hafi námskeiðin verið felld niður á síðustu stundu. Er þetta bagalegt og ekki bjóðandi, því fólk (krakkar) hafa verið að taka frá helgar fyrir þetta. Því spurði hún: Hvers vegna er ekki meiri áhugi á þjálfaranámskeiðunum og hver er lágmarksfjöldinn á þau? Þá benti hún á að síðast hafi 13 skráð sig og sér hafi þótt það vera ágætur fjöldi og full ástæða til að halda þessi námskeið fyrir svo marga áhugasama unga þjálfara.

Guðmundur Skúli svaraði.

Rétt er að boðið hafi verið upp á tvö slík námskeið og þau hafi síðan verið felld niður, þar eð að endingu hafi of fáir ætlað að mæta. Þáttökugjaldið var mjög lágt, 6000 krónur fyrir helgina, og 12 manns voru of fáir til að þetta stæði undir kostnaði. Hins vegar er ráðgert að halda B-námskeið núna aðra helgina í september, og A- og C-námskeið einhverju síðar. Þá sé lágmarkið 13-15 lágmarkið. 13 manns voru síðast skráðir en þar af var vitað um einhverja sem ætluðu trúlega að hætta við á síðustu stundu. Hins vegar sé góður vilji fyrir því að bregðast við og halda þessi námskeið víðsvegar á landsbyggðinni, fáist nægur fjöldi og verði óskað eftir því.

Hörður.

Hörður vakti athygli á því hvernig staðið væri að unglíngalandsliðinu. Þar séu strákar sem hafi spilað 40-50 landsleiki og enga á Íslandi. Það þótti honum harla slæmur árangur og sér í lagi þegar litið er til þess árangurs fyrir 4-5 árum þegar þeir urðu Evrópumeistarar. Hann viti til þess að unglíngalandsliðunum hafi staðið til boða að halda mótin hér á landi en ekki þekkst boðið. Þar með hafi þeir þurft að spila á völlum höfuðandstæðinganna

Hann veit til að þeim hafi staðið til boða að halda svona mót hér en það ekki þegið vegna kostnaðar. Tvö síðustu ár hafa þeir þurft að spila á völlum höfuðandstæðinganna. Enda hafi þeir svo færst neðar og neðar í riðla. Augljóslega vantar að leggja meiri metnað í þetta, auðveldasta leiðin hefur verið farin og kostnaður greiddur 100% af þátttakendum, fyrir utan smá styrk í fyrra (enda var ferðatilhögun verulega skrautleg) og tilhögun er dýr í öllu peningaleysinu. Því skoraði Hörður á að staðið verði betur að málum gagnvart unglíngalandsliðunum.

15. Kosning stjórnar

Þingforseti byrjaði á að lesa reglurnar við framboð og kjör.

Framboðin voru:

Formaður: **Guðmundur Ágúst Ingvarson**

Varaformaður: **Sigurjón Pétursson**

Gjaldkeri: **Ásgerður Halldórsdóttir**

Ritari: **Kjartan K. Steinbach**

Í varastjórn voru kjörin:

- **Erlingur Kristjánsson**
- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**
- **Guðmundur P. Davíðsson**

Öll voru þau samþykkt með lófaklappi, eitt og eitt í senn, og teljast þau réttkjörin.

Kosið var um meðstjórnendur lokaðri kosningu með útprentuðum kjörseðli. Fimm í framboði, þar af kosið um þrjá, óheimilt að kjósa um fleiri og færri. Kjörnir voru:

- **Hólmgeir Einarsson**
- **Hlynur Sigmarsson**
- **Þórbergur Aðalsteinsson**

Teljast þeir réttkjörnir.

16. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

Orðalagi þarf raunar að breyta, skv. ábendingu þingforseta. Endurskoðandi er lögverndaður titill svo helst þarf að kalla þá skoðunarmenn reikninga (jafnvel þótt annar tilnefndra sé raunar endurskoðandi).

Tilnefndir voru:

- **Guðmundur Frímansson**

- **Jón Gestur Viggósson**

Vil vara:

- **Pálmi Kristinsson**
- **Soffía Ragnarsdóttir**

Öll voru þau samþykkt athugasemdalaust með lófaklappi og teljast þau réttkjörin.

17. Kosning sex manna í Dómstól HSÍ

Kjörin voru:

- **Jóhannes Albert Sævarsson**
- **Smári Hilmarsson**
- **Bergþóra Sigmundsdóttir**

Í varastjórn:

- **Guðmundur B. Ólafsson**
- **Ágúst Sindri Karlsson**
- **Hanna Lára Helgadóttir**

Öll voru þau samþykkt með lófaklappi, eitt og eitt í senn, og teljast þau réttkjörin.

18. Kosning sex manna í Áfrýjunardómstól HSÍ

- **Þorgeir Ingi Njálsson**
- **Helgi Jónsson**
- **Gunnar Jónsson**

Til vara:

- **Benedikt Bogason**
- **Guðjón Marteinnsson**
- **Þorsteinn Einarsson**

Allir voru þeir samþykktir með lófaklappi og teljast því réttkjörnir.

19. Kosning þriggja manna í Laganefnd HSÍ

Tilnefndir voru:

- **Bergþóra Sigmundsdóttir**

- Vala Valtýsdóttir
- Brynjar Níelsson

Tilnefningar voru samþykktar athugasemdalaust og teljast þau réttkjörin.

20. Kosning eins manns í Heiðursmerkjanefnd HSÍ

Tilnefnd var **Helga Magnúsdóttir**.

Tilnefning var samþykkt athugasemdalaust og telst hún réttkjörin.

21. Kosning þriggja manna í Félagaskiptanefnd HSÍ

Búið er að leggja niður Félagaskiptanefnd.

22. Kosning tveggja manna í Dómaragjaldanefnd

Tillaga er um:

- Örn Magnússon
- Þorgeir Haraldsson

Tillaga var samþykkt athugasemdalaust og teljast þeir því réttkjörnir.

23. Kosning fulltrúa á Íþróttþing

Næsta íþróttþing fer ekki fram fyrir en árið 2009 og því fer kjör um fulltrúa ekki fram á þessu þingi.

24. Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir gott þing. Hann þakkaði fyrir sig, lýsti yfir að hann vonaði að menn væru ánægðir með hans störf og gaf Guðmundi Ingvarssyni formanni orðið.

Guðmundur þakkaði fyrir gott og málefnalegt þing, þingforseta röggsemina, starfsmönnum vel unnin störf og þingheimi öllum að lokum. Þá óskaði hann öllum góðrar heimferðar að lokum.

Þingi slitið.